# FRÉTTABLAÐIÐ

53. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 4. MARS 2019


# Meirihlutinn styður verkföll

## Um þriðjungur er andvígur fyrirhuguðum verkföllum en rúmur helmingur fylgjandi. Formaður VR vonar að samningar náist áður en til þeirra kemur.

**KJARAMÁL** Riflega helmingur styður fyrirhugaðar verkfallsaðgerðir Eflingar, VR, Verkalýðsfélags Akraness og Verkalýðsfélags Grindavíkur í kjaradeilu þeirra við Samtök atvinnulífsins (SA). Tæpur þriðjungur er þeim andvígur.

Þetta kemur fram í niðurstöðum könnunar sem Zenter rannsóknir unnu fyrir Fréttablaðið. Könnunin var unnin síðasta dag febrúar og fyrsta dag mars. 1.441 úr könnunarhópi fyrirtækisins svaraði, allt einstaklingar átján ára eða eldri. Svör þeirra voru vigtuð eftir aldri, kyni og búsetu til að endurspegla sem best álit þjóðarinnar.

Sem kunnugt er eru samningaviðræður félaganna við SA í hnút og hafa verið um nokkurt skeið. Ræstingafólk Eflingar samþykkti fyrir helgi, með afgerandi hætti, eins dags vinnustöðvun 8. mars. Álitamál er hins vegar hvort atkvæðagreiðslan hafi verið lögmæt eður ei og bíður það úrlausnar Félagsdóms. VR hyggur einnig á skæruverkföll í mánuðinum og boðað verður til allsherjarverkfalls í apríl semjist ekki fyrir þann tíma.

Af þeim sem tóku afstöðu til spurningar um verkfallsaðgerðirnar sögðust tæp 56 prósent vera frekar eða mjög sammála aðgerðunum. Um einn af hverjum sjö var hvorki hlynntur né andvígur þeim og tæpur þriðjungur var andvígur.

Aðgerðirnar njóta mests stuðnings á Reykjanesi, eða hjá um 73 prósentum íbúa. Næst á eftir fylgja íbúar Norðurlands og Austurlands með rúm 60 prósent.

Sé litið til stuðnings eftir stjórnmálaflokkum mælist hann langminnstur hjá kjósendum Sjálfstæðisflokksins, aðeins fimmtungur þeirra styður aðgerðirnar. Tveir af hverjum þremur eru þeim andvígir. Næstminnstur er stuðningurinn hjá Framsóknar- og Viðreisnarfólki, eða undir helmingi. Rúm 60 prósent Vinstri grænna eru þeim hlynnt en hjá Flokki fólksins, Samfylkingunni og Pírötum mælist stuðningur á bilinu 70-80 prósent. Níutíu prósent þeirra sem kjósa flokka sem ekki eiga mann á þingi styðja aðgerðirnar.

„Ég átti allt eins von á verri niðurstöðu miðað við hve hörð og óvægin orðræðan hefur verið og framsetningin á tillögum okkar,“ segir Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR.

Ragnar Þór segist finna fyrir gríðarlegum stuðningi og að hann eigi eftir að aukast þegar nær dregur. Ýmislegt eigi eftir að koma í ljós.




„Boðaðar aðgerðir núna eru umfangsminni en árið 2015. Ég held að það sé minna á milli en umræðan gefur til kynna. Síðast þurfti verkfallsboðun til að ná samningum og við vonum að hið sama gerist nú,“ segir Ragnar Þór.

„Miðað við hvað kjaramál hafa fengið mikið pláss í umræðunni að undanförnu kemur mér á óvart að það sé ekki meiri stuðningur við verkföll en þarna birtist. Sér í lagi þar sem flestir gera ráð fyrir að það séu einhverjir aðrir en þeir sjálfir sem fari í verkföll,“ segir Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA. „Verkföll í kólnandi hagkerfi, loðnubresti og þegar flugfélögin eru í kröppum dansi er mikið hættuspil með óljósa útkomu.“ – **jóe** / **sjá síðu 6**



Rithöfundurinn Andri Snær Magnason, skurðlæknirinn Tómas Guðbjartsson og píanistinn Kjartan Valdimarsson ásamt ljósmyndara Fréttablaðsins lögðu í hann árla morguns í gær og gengu frá Arnarstapa upp á topp Snæfellsjökuls. Fengu þeir gott útsýni en veður var kalt og hvasst og á toppnum var þoka. Fjórmenningarnir renndu sér síðan niður á skíðum sínum aftur alla leið að Arnarstapa. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



## Hatari til Ísraels

**EUROVISION** Hljómsveitin Hatari verður fulltrú Íslands í Eurovision í Tel Avív í Ísrael í maí.

„Að skapa krítíska umræðu og vekja athygli á dystópíunni sem er að eiga sér stað,“ svarar Klemens spurður um aðalmarkmið Hatara í Ísrael.

Aðspurður hvort hann telji tilteknar þjóðir umfram aðrar munu styðja Hatara svarar Klemens: „Evrópa sér Hatara í spegilmynd og mun taka þessari viðvörun.“

Klemens boðar miklar breytingar á atriði Hatara. – **gar** / **sjá síðu 2**

## Fréttablaðið í dag




**LÍFIÐ** Margrét Gauja, fyrrverandi bæjarfulltrúi í Hafnarfirði, lifir tvöföldu lífi. 24

**SKOÐUN** Þróunin til ójafnaðar er hröð á Íslandi, skrifar Oddný Harðardóttir. 10

**SPORT** Ísland mætir Skotlandi í Algarve í dag. 14

**TÍMAMÓT** Hernán Cortés kom til Ameríku fyrir 500 árum og stráfelldi frumbyggja. 18

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **FASTEIGNIR**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




NA 8-15 eftir hádegi og dálítil él, en léttir til S- og V-lands. Hiti 0 til 5 stig, Hiti nálægt frostmarki og mildast syðst. SJÁ SÍÐU 20



Klemens Hannigan og Matthías Haraldsson. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

# Boðar meiri eld í Ísrael

**EUROVISION** „Keppnin var æðisleg,“ segir Klemens Hanningan, einn liðsmanna Hatara sem sigraði í Söngvakeppni Sjónvarpsins á laugardagskvöld.

Hatari verður því fulltrúi Íslands í Eurovision-keppninni í Ísrael um miðjan maí.

„Að skapa krítíska umræðu og vekja athygli á dystópíunni sem er að eiga sér stað,“ svarar Klemens spurður um aðalmarkmið Hatara í Ísrael.

Meðlimir Hatara skoruðu á dögunum á Benjamin Netanyahu, forsætisráðherra Ísraels, að keppa við þá í íslenskri glímu. „Hann hefur ekki svarað okkur ennþá,“ segir Klemens. „En við bíðum spenntir eftir svari og við erum sannfærðir um að hann muni samþykkja áskorun okkar.“

Aðspurður hvort hann telji tilteknar þjóðir umfram aðrar munu styðja Hatara svarar Klemens: „Evrópa sér Hatara í spegilmynd og mun taka þessari viðvörun.“

Klemens segir keppnina á laugardagskvöld hafa verið mjög ánægjulega. „Það stóðu sig allir með prýði og keppnin gekk alveg samkvæmt áætlun.“

Ekki er óþekkt að listamenn breyti atriðum sínum frá undankeppninni og fram að aðalkeppninni. Klemens segir að Hatari muni gera miklar breytingar. „Það verður ennþá meiri eldur.“ – **gar**

## Daglegt brauð



Margt var um manninn í Hörpunni um helgina þegar árlegur Matarmarkaður Íslands fór þar fram. Fjölmörg fyrirtæki kynntu þar gómsæta framleiðslu sína, Þessi unga stúlka stóð vaktina í bás frá Brauði & co. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri ljósmyndir af markaðnum er að finna á +Plús-síðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

# Samtökin '78 fá nýjan formann

**FÉLAGSMÁL** Þorbjörg Þorvaldsdóttir var sjálfkjörin sem formaður Samtakanna '78 á aðalfundi í gær.

Þorbjörg er við doktorsnám í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands. Hún er kvænt Silju Ýr S. Leifsdóttur lífeindafræðingi og eiga þær eina dóttur. Þorbjörg er tvíkynhneigð að því er segir í tilkynningu frá Samtökunum '78.



**Þorbjörg Guðmundsdóttir.**

Þorbjörg sagði á fundinum í gær að þótt ekki væri eftirsóknarvert að vera fordómafullur gagnvart hinsegin fólki á Íslandi í dag þá væri ofbeldi og mismunun gegn hinsegin fólki staðreynd. „En stundum er okkar helsta vandamál það að fólk áttar sig ekki á því hvenær það er fordómafullt og hvenær ekki.“ – **gar**




# Neita að sundurliða laun lykilstjórnenda

Bæjarstjóri Reykjanesbæjar telur að óskað verði sundurliðunar á greiðslum til lykilstjórnenda HS Veitna á aðalfundi. Framsetning á launagreiðslunum er ógagnsæ í ársreikningi og forstjórinn synjaði Fréttablaðinu um sundurliðun.

**STJÓRNSÝSLA** HS Veitur, sem eru að stærstum hluta í eigu sveitarfélaga, neita að veita Fréttablaðinu sundurliðaðar upplýsingar um launagreiðslur til yfirstjórnar fyrirtækisins.

Ógagnsæi einkennir framsetningu í nýbirtum ársreikningi HS Veitna. Forstjórinn segir ársreikninginn standast lög og reglur og að stjórnarákvörðun þurfi fyrir frekari upplýsingagjöf. Bæjarstjóri Reykjanesbæjar telur líklegt að óskað verði eftir upplýsingum um málið.

HS Veitur eru í meirihlutaeigu Reykjanesbæjar sem á 50,1 prósent í fyrirtækinu, HSV eignarhaldsfélag Heiðars Guðjónssonar á tæp 34 prósent og Hafnarfjarðarbær rúm 15 prósent. Félagið var stofnað í árslok 2008 í kjölfar skiptingar Hitaveitu Suðurnesja hf. í HS Orku og HS Veitur. Annast félagið dreifingu á rafmagni og vatni.

Ólíkt því sem gengur og gerist eru greiðslur til sjö manna stjórnar félagsins og fjögurra manna framkvæmdastjórnar sem forstjórinn tilheyrir ekki sundurliðaðar í ársreikningi félagsins. Aðeins er gefin upp samtala heildarlaunagreiðslna til þessara ellefu einstaklinga sem námu 112 milljónum á síðasta ári samanborið við 105 milljónir árið áður.

Í ljósi þessa ógagnsæis óskaði Fréttablaðið eftir sundurliðun á þessum launatölum hjá forstjóra félagsins, Júlíusi J. Jónssyni. Hann telur sig ekki geta veitt þær upplýsingar.

Júlíus bendir á að þarna sé verið að tala um laun framkvæmdastjórnarinnar, stjórnar auk tilfallandi launa varamanna auk mótframlags í lífeyrissjóði.

„Skýringin eins og hún er í reikningnum er í samræmi við lög og reglur og breytingar verða ekki gerðar á þessari upplýsingagjöf nema stjórn félagsins samþykki það sérstaklega þannig að ég get ekki gefið frekari upplýsingar á þessu stigi,“ segir í skriflegu svari forstjórans við fyrirspurn blaðsins.

Fréttablaðið leitaði viðbragða hjá bæjarstjóra Reykjanesbæjar, Kjartani Má Kjartanssyni. Hann kvaðst ekki hafa séð ársreikninginn sjálfur.

„Mér þykir þó ekki ólíklegt að Reykjanesbær óski eftir nánari sundurliðun á aðalfundinum sem fram fer þann 27. mars,“ segir Kjartan Már. Fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum verður formaður bæjarráðs, Friðjón Einarsson, en stjórnarformaður HS Veitna, fyrir hönd sveitarfélagsins, er bæjarfulltrúinn Gunnar Þórarinsson.

**mikael@frettabladid.is**



Hagnaður HS Veitna, sem er að stærstum hluta í eigu sveitarfélaga, dróst saman milli ára og nam 682 milljónum króna í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar.**

*GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM

GILDIR 04.03.19

# TAX

R! LOKADAGUR! LO




# FREE*

# AF ÖLLUM VÖRUM

# Í ÖLLUM BÚÐUM

VEFVERSLUN
WWW.RFL.IS
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT AF ÖLLUM VÖRUM. TAX FREE TILBOÐ JAFNGILDIR 19,35% AFSLÆTTI. AFSLÁTTURINN ER Á KOSTNAÐ RÚMFATALAGERSINS. VIRÐISAUKA ER AÐ SJÁLFSÖGÐU SKILAÐ TIL RÍKISSJÓÐS.

ERUM Á 6 STÖÐUM: SKEIFUNNI - SMÁRATORGI - BÍLDSHÖFÐA - GRANDA - AKUREYRI - SELFOSSI

# Leita leigubílstjóra sem talinn er hafa ekið Jóni Þresti í Dublin

**LÖGREGLUMÁL** Björgunarsveit í Dublin leitaði í gær að Jóni Þresti Jónssyni á því svæði þar sem síðast sást til hans í borginni. Jóns Þrastar hefur verið saknað í rúmar þrjár vikur, en hann var í pókerferð í Dublin ásamt unnustu sinni þegar hann hvarf.

Lögreglu hefur borist fjöldi ábendinga um ferðir Jóns og er leigubílstjóra, sem sagður er hafa ekið Jóni, nú meðal annars leitað.



Jón Þröstur Jónsson

Davíð Karl Wiium, bróðir Jóns Þrastar, segir við Fréttablaðið að næstu skref séu óráðin. Hluti fjölskyldunnar er enn í Dublin.

„Maður heldur alltaf í vonina og það er jákvætt að björgunarsveitin hafi ekki fundið hann á þessu svæði,“ segir Davíð Karl.

Fjölskylda Jóns hefur kallað eftir skipulagðri leit að honum.

„Okkur finnst auðvitað ergilegt að það hafi ekki verið ráðist í svona leit miklu fyrr, því hún gerir okkur auðveldara fyrir. Það eru samt aðrar leikreglur þarna úti og þetta hafðist loksins,“ segir Davíð.

Fjölskyldumeðlimir hafa rætt við írska fjölmiðla og segir Davíð boltann hafa farið að rúlla eftir það. „Við urðum mjög áberandi í fjölmiðlunum og í kjölfarið kom mikið af góðum vísbendingum,“ segir Davíð.

Ábendingarnar hlaupa að sögn Davíðs á tugum. Ein ábendinganna sem lögregla skoðar nú er að Jón Þröstur hafi tekið leigubíl eftir að hann hvarf. Ábendingin kom frá einstaklingi sem sagði leigubílstjóra hafa sagt sér frá samskiptum sínum við Jón Þröst.

„Það er verið að vinna að því að finna þennan mann. Þetta kom frá aðila sem heyrði þetta frá leigubílstjóranum sem hefur kannski ekki haft vit á því að hafa samband við lögreglu,“ segir Davíð. „Það er kominn meiri kraftur í þetta og með þessum ábendingum myndi ég halda að á næstu dögum verði eitthvað að frétta.“ **– bsp**

## Hjartað slær með Evrópu

**STJÓRNMÁL** „Hjartað slær með Evrópu“ er yfirskrift stjórnmálaályktunar Viðreisnar sem samþykkt var á milliþingi flokksins á laugardag.



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar

Í ályktuninni segir að besta og varanlegasta kjarabótin fælist í lægri vöxtum og lægra matvælaverði.

Viðreisn telur aðildina að EES hafa skilað þjóðinni ómetanlegum ávinningi sem ekki megi glutra niður vegna „uppgangs afturhaldsafla“. Rökrétt sé að ganga í ESB. **– sar**

## Prestaköllum landsins fækkar

**SAMFÉLAG** Sameining prestakalla á Austurlandi og Vestfjörðum var samþykkt á framhaldskirkjuþingi um helgina. Hólmavíkur- og Reykhólaprestaköll sameinast í Breiðafjarðar- og Strandaprestakalli.

Þá verður til nýtt Austfjarðaprestakall með sameiningu Djúpavogs-, Heydala-, Kolfreyjustaðar-, Eskifjarðar- og Norðfjarðarprestakalla. Þá verður Saurbæjarprestakall í Hvalfjarðarsveit aflagt. **– sar**

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið
Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á www.frettabladid.is/nyskraning. Það kostar ekkert.

# Óska umsagna um framtíðina

**Framtíðarnefnd forsætisráðherra býður almenningi til samráðs um framtíðina. Fyrsta lota stendur nú yfir hjá nefndinni. Hún spyr um áhrif þróunar á ýmsum sviðum á fjárhagsstöðu ríkisins til framtíðar.**

**STJÓRNMÁL** Framtíðarnefnd forsætisráðherra óskar eftir umsögnum frá almenningi um hvað hann telji framtíðina bera í skauti sér á ýmsum sviðum samfélagsins og hvaða aðgerða stjórnvöld geti gripið til í því skyni að undirbúa þjóðina betur fyrir þær.

„Við erum að leita eftir því hvaða breytingum mismunandi hópar í samfélaginu geri ráð fyrir á komandi áratugum og hvaða aðgerða hægt væri að grípa til núna til að við séum betur undirbúin sem þjóð,“ segir Smári McCarthy, formaður framtíðarnefndarinnar sem skipuð er þingmönnum úr öllum flokkum.

Meðal spurninga sem nefndin veltir upp í samráðsgátt stjórnvalda er hvaða þróun sé að eiga sér stað í samfélaginu og hvaða áhrif sú þróun muni hafa á fjárhagsstöðu ríkisins á næstu 15 til 20 árum.

„Það er alveg ljóst að enginn getur spáð fyrir um framtíðina, en það eru samt ágætis líkur á því að sameiginlegur skilningur fólks úr mismunandi áttum eigi eftir að ríma við komandi framtíð að einhverju leyti,“ segir Smári og bætir við:

„Ef við getum ekki komist hjá því að hafa rangt fyrir okkur er best að við höfum rangt fyrir okkur á eins gagnlegan hátt og hægt er. Við erum því að leita til sérfræðinga og ýmissa samtaka og stofnana, ásamt því að spyrja almenning álits. Svo vonum við að tvennt gerist í kjölfarið: annars vegar vakni upp umræða um mikilvægi þess að hafa skýra framtíðarsýn og hins vegar muni svörin hjálpa okkur að finna út hvaða möguleika við höfum, hvaða hættur leynast og hvaða aðgerðir eru heppilegastar til að tryggja okkur sem besta hugsanlega framtíð.“

Framtíðarnefndin hefur skipt verkefnum sínum í þrjár lotur og í fyrstu lotunni leitar hún eftir hugmyndum almennings um fyrsta viðfangsefnið sem lýtur að þróun samfélagsins á sviðum atvinnu-, umhverfis-, byggða- og lýðfræðiþátta og hvernig áhrif þróunin getur haft á fjárhagsstöðu ríkisins. Næstu lotur munu snúa annars vegar að loftslagsmálum og hins vegar jöfnuði og lífsgæðum.

Auk samráðs við almenning aflar nefndin upplýsinga frá sérfræðingum á hverju sviði og fundar með sérfræðingum bæði innlendum og erlendum.

„Markmiðið er að við sendum frá okkur stuttar skýrslur um hverja og eina verkefnalotu, með tillögum um þá sameiginlegu framtíðarsýn sem verður til í þessu samráði.“

Hugmyndin að framtíðarnefnd hefur oft verið viðruð á Íslandi, sérstaklega í kjölfar efnahagshrunsins og í kjölfar þess að áhrif loftslagsbreytinga urðu ljósari. Framtíðarnefndir eru starfandi víða í Evrópu og hafa Íslendingar sem haldið hafa hugmyndinni á lofti einkum bent til framtíðarnefndar finnska þingsins.

„Þetta gæti orðið ein af nefndum þingsins, en fyrst þurfum við að sanna að svona nefnd geti gert gagn og eigi eigi rétt á sér,“ segir Smári.

Umsagnir til nefndarinnar eru sendar í samráðsgátt stjórnvalda á vef Stjórnarráðsins. Frestur til að senda umsögn rennur út 10. mars.

**adalheidur@frettabladid.is**



**Hvaða þróun á sér stað í samfélaginu og hver verða áhrif þess á fjárhag ríkisins? er spurt.** NORDICPOHOTS/GETTY

**Ef við getum ekki komist hjá því að hafa rangt fyrir okkur er best að við höfum rangt fyrir okkur á eins gagnlegan hátt og hægt er.**

Smári McCarthy, formaður framtíðarnefndar forsætisráðherra



FIAT ATVINNUBÍLAR
FIAT PROFESSIONAL

FIAT DUCATO
Verð frá 4.024.194 án vsk.
4.990.000 m/vsk.
FIAT TALENTO L2H1
Verð frá 3.298.387 án vsk.
4.090.000 m/vsk.
FIAT DOBLO
Verð frá 2.225.806 án vsk.
2.760.000 m/vsk.
FIAT FIORINO
Verð frá 1.854.032 án vsk.
2.299.000 m/vsk.
ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
UMBOÐSAÐILI FIAT • ÞVERHOLTI 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433 • WWW.FIATPROFESSIONAL.IS
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
5 ÁRA ÁBYRGÐ


SUZUKI
Way of Life!
VIÐ KYNNUM TIL LEIKS
BREYTTAN
SUZUKI VITARA!
GLÆSILEGRI, MEÐ NÝJUM KRAFTMIKLUM OG SPARNEYTNUM 1.0L OG 1.4L
BOOSTER JET VÉLUM OG ENN MEIRI ÖRYGGISBÚNAÐI
VERÐ FRÁ KR.
4.090.000
VITARA
Suzuki Vitara er búinn að sanna ágæti sitt við íslenskar aðstæður.
Með útlitsbreytingar sem gera hann enn glæsilegri.
Komdu og kynntu þér breyttan og betri Suzuki Vitara.
ALLGRIP
4WD All-grip tryggir öryggi í akstri og gott veggrip við erfiðar aðstæður. Þú kemst alla leið!
FLUTT MEÐ
EIMSKIP
Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is
SUZUKI
Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

# Eðlilegt að beina sjónum að stjórnvöldum varðandi skatta

**Forseti ASÍ segir að kröfur um breytingar á sköttum hljóti að beinast að ríkisvaldinu en ekki að sveitarfélögum. Þó þurfi að fylgjast vel með gjaldskrárbreytingum sveitarfélaganna. Vinnufundir standa nú yfir hjá ríkissáttasemjara í þeim málum sem eru á hans borði. Viðræðurnar eru sagðar ganga ágætlega.**



Drífa Snædal, forseti ASÍ, kemur hér af fundi þar sem skattatillögur stjórnvalda voru kynntar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**KJARAMÁL** „Skattar eru auðvitað háðir lögum þannig að þetta hlýtur að beinast gegn ríkisvaldinu, hvernig lögum er breytt til að breyta skattbyrði. Við höfum svo sem ekkert farið í það hvort það sé skynsamlegt að hækka eða lækka útsvar,“ segir Drífa Snædal, forseti ASÍ.

Alþýðusambandið hefur beint tillögum um breytingar á skattkerfinu til stjórnvalda sem ganga út á að létta skattbyrði lág- og millitekjuhópa og jafnframt lýst yfir vonbrigðum með framkomnar skattatillögur ríkisstjórnarinnar.

Nokkur umræða hefur skapast undanfarið um hlutverk sveitarfélaga þegar kemur að aðgerðum til að liðka fyrir kjarasamningum. Í frétt blaðsins í síðustu viku höfnuðu þau Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs, og Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri á Akureyri, því að sveitarfélög gætu komið að lausn kjarasamninga með skattalækkunum.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri tók undir það sjónarmið í viðtali á Sprengisandi á Bylgjunni í gær. Öll þrjú eru þeirrar skoðunar að fjárhagsstaða flestra sveitarfélaga sé með þeim hætti að ekki sé hægt að lækka tekjur sveitarfélaga nema með því að skerða þjónustu.

Drífa bendir á að þótt sveitarfélögin ákveði útsvarsprósentuna þá ákveði ríkið skiptingu tekna, hámark útsvars og framlög í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. „Þannig er það eðlilegt að beina sjónum sínum að stjórnvöldum.“

ASÍ telji að skoða mætti fjármagnstekjuskattinn þannig að þeir sem komi sér undan tekjuskatti með því að skapa sér fjármagnstekjur greiði líka útsvar. „Það hlýtur að vera svakalegt að vera að reka sveitarfélög og þessi hópur komist hjá því að greiða útsvar. Við höfum bent á það en að öðru leyti finnst okkur skattamálin vera á hendi ríkisins.“

Drífa segir að sveitarfélögin komi þó að málum í gegnum húsnæðis- og lóðamál. „Svo ætlumst við auðvitað til þess, þegar loksins tekst að landa kjarasamningum, að það verði ekki tekið til baka með einhverjum gjaldskrárhækkunum hjá sveitarfélögunum. Við munum fylgjast vel með því eins og verðlagseftirlit okkar ber gott vitni um.“

> **Svo ætlumst við auðvitað til þess, þegar loksins tekst að landa kjarasamningum, að það verði ekki tekið til baka með einhverjum gjaldskrárhækkunum hjá sveitarfélögunum.**
>
> Drífa Snædal, forseti ASÍ

Miklar annir hafa verið hjá ríkissáttasemjara undanfarna daga en þar hafa farið fram vinnufundir hjá þeim aðilum sem enn sitja við samningaborðið. Þar eru undir þrír hópar sem semja við Samtök atvinnulífsins (SA). Þeir eru Starfsgreinasambandið, Landssamband íslenskra verslunarmanna og samflot iðnaðarmanna.

„Þetta hefur bara unnist ágætlega og viðræðurnar líka. Við munum svo taka alla næstu viku og þess vegna lengur ef þarf,“ segir Bryndís Hlöðversdóttir ríkissáttasemjari en aðilar funduðu alla helgina.

Bryndís segir að væntanlega verði fundur í deilu SA og Eflingar, VR, Verkalýðsfélags Akraness og Verkalýðsfélags Grindavíkur á fimmtudag. Ekki sé búið að boða hann formlega en aðilar verði að hittast innan fjórtán daga frá viðræðuslitum en sá tímapunktur er á fimmtudag.

„Það verður bara að koma í ljós hvað gerist á þeim fundi. Ég tek allavega stöðuna á málinu.“

**sighvatur@frettabladid.is**


**Rafreykingar.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Rafrettulög hafa tekið gildi

**HEILBRIGÐISMÁL** Lög um rafrettur og áfyllingar tóku gildi síðastliðinn föstudag, 1. mars. Í lögunum er kveðið á um innflutning, markaðssetningu, hvar má nota rafrettur og öryggi þessa varnings.

Samkvæmt lögunum á ráðherra að setja reglugerð um kröfur varðandi gæði, öryggi, merkingar og innihaldslýsingu rafrettna og áfyllinga fyrir þær. Reglugerðin á að taka gildi 1. júní næstkomandi. Með frestinum þangað til er komið til móts við innflytjendur svo þeim gefist svigrúm til að laga sig að kröfum reglugerðarinnar varðandi merkingar umbúða, að því er segir á vef Landlæknis. **– gar**


**Frá leit björgunarsveitarmanna í síðustu viku.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Leita bíls með fjölgeislamæli

**LÖGREGLUMÁL** Leitað var áfram í gær að að Páli Mar Guðjónssyni í Ölfusá. Á vef lögreglunnar kom fram að leitin hefði engan árangur borið. Svæðisstjórn björgunarsveita á svæðinu mun funda með lögreglu um framhaldið eftir helgina.

Fyrir liggur að gera fjölgeislamælingu í farvegi árinnar neðan Ölfusárbrúar við fyrsta tækifæri til að reyna að staðsetja bíl Páls.

Óljóst er hver árangurinn af slíkri mælingu gæti orðið enda áin straumþung og loftbólur í henni. Hvort tveggja takmarkar mjög getu þeirra tækja sem nota þarf við aðgerðirnar.

Björgunarsveitum og viðbragðsaðilum öllum voru í gær færðar þakkir frá lögreglunni og aðstandendum Páls fyrir mikið og óeigingjarnt starf við leitina. **– bsp**


# Vöðva eða liðverkir?

**Voltaren Gel er bæði verkjastillandi og bólgueyðandi**




Voltaren 11,6 mg/g hlaup. Inniheldur díklófenaktvíetýlamín. Staðbundnir bólgukvillar. **Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins.** Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

lyfja.is

LYFJA – Lifið heil




FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

# Allt í boði í Hörpu



Matarmarkaður fór fram í Hörpu um helgina. Það var líf og fjör á svæðinu þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði. Gestir og gangandi höfðu úr miklu úrvali kræsinga að velja.










Námsstyrkir Íslandsbanka
Við styðjum við framtíðina
Á hverju vori veitir Íslandsbanki styrki til námsmanna á öllum skólastigum. Umsóknarfrestur um námsstyrki fyrir árið 2019 er til 1. maí nk.
Kynntu þér málið á islandsbanki.is/namsstyrkir
440 4000
@islandsbanki
islandsbanki.is



**Endurheimt flugmanns fagnað.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Sagðir brjóta samkomulag

**KASMÍR** Bandarísk stjórnvöld reyna nú að komast að því hvort Pakistanar hafi notað bandarískar F-16 herþotur til að skjóta niður indverska herþotu í síðustu viku. Slíkt væri brot á samkomulagi sem gert var við sölu vélanna til Pakistan.

Talsmaður bandaríska sendiráðsins í Islamabad, höfuðborg Pakistan, staðfesti í samtali við fréttastofu Reuters að verið væri að skoða ásakanir þess efnis.

Pakistönsk stjórnvöld hafa neitað því að F-16 þoturnar hafi tekið þátt í bardögunum sem leiddu til þess að indverska þotan var skotin niður. Þau hafa ekki tilgreint hvaða herþotur voru notaðar.

Eftir átök og togstreitu síðustu viku var ástandið tiltölulega rólegt í gær. Chaundry Tariq Farooq, ráðherra í pakistanska hluta Kasmír, sagði þó enn spennu í loftinu og að aldrei væri hægt að segja hvenær átök gætu brotist út á ný. **– sar**

## Bítlunum skilað eftir fimmtíu ár

**BANDARÍKIN** Maður að nafni Brian skilaði bókasafni í Ohio-ríki Bandaríkjanna nýverið tímariti sem hann fékk þaðan. Það þætti ekki í frásögur færandi nema fyrir þær sakir að hann stal því þaðan árið 1968.

Í liðinni viku barst bókasafninu í Cuyahoga-sýslu umslag sem innihélt septembertölublað tímaritsins Life frá árinu 1968 en Bítlarnir prýddu forsíðuna. Þar var einnig bréf frá Brian þar sem hann sagði að hann hefði stolið því skömmu eftir að það kom út. Bréfið innihélt einnig hundrað dollara seðil.

Tíu senta dagsektir liggja við seinum skilum en sektir eru að hámarki hundrað dollarar.

Í samtali við AP þakkaði safnstjórinn Brian fyrir að skila blaðinu. Það verður ekki til útláns framar. **– jóe**

# Bouteflika situr áfram en lofar að sitja ekki út kjörtímabilið

**Alsíringar hafa undanfarið mótmælt því að forseti landsins, hinn 82 ára gamli Abdelaziz Bouteflika, ætli sér að sitja eitt kjörtímabil enn. Mótmælin eru þau fjölmennustu sem sést hafa lengi í landinu en víða er í gildi bann við mótmælafundum. Köll þeirra báru árangur að hluta. Bouteflika fékk heilablóðfall 2013.**

**ALSÍR** Lögreglumenn og öryggissveitir í Alsír hafa gripið til öflugra vatnsbyssna, táragass og barefla til að hafa hemil á mótmælendum á götum borga landsins. Samkvæmt opinberum tölum hafa 56 lögreglumenn og 45 mótmælendur særst í átökunum. Tölur um mannfall liggja ekki fyrir.

Mótmælt hefur verið í borgum landsins undanfarna viku eftir að forseti landsins, hinn 82 ára gamli Abdelaziz Bouteflika, tilkynnti að hann hygðist sækjast eftir endurkjöri í komandi forsetakosningum. Það yrði fimmta kjörtímabil forsetans en hann tók við árið 1999 eftir blóðuga borgarastyrjöld sem kostaði um 200 þúsund manns lífið.

Undanfarin ár hefur hann verið heilsuveill en árið 2013 fékk hann heilablóðfall og hefur þjóðin lítið sem ekkert heyrt frá honum síðan þá. Þrátt fyrir heilsubrestinn var stjórnarskrá landsins breytt árið 2014 til að hann gæti boðið sig fram á ný sem forseti.

Stúdentar komu saman í Algeirsborg, höfuðborg landsins, í gær, en þar hafa mótmæli verið bönnuð með lögum frá 2001, og mótmæltu fyrirætlun forsetans þaulsætna. Áætlað er að mótmælendur í höfuðborginni hafi verið rúmlega hundrað. Fjölmennari mótmæli voru í öðrum borgum víðs vegar um land. Þá flykktist stór hópur mótmælenda út á götur höfuðborgar gömlu valdsherranna í Frakklandi.

Frestur til að skila inn framboði í kosningunum rann út í gær en það var gert í húsakynnum stjórnlagadómstóls landsins. Mótmælendur komu saman fyrir utan dómstólinn í gær og kölluðu eftir því að Bouteflika fengi ekki að bjóða sig fram á ný. Stjórnarskrá landsins kveður ekki á um að framboði skuli skilað í eigin persónu en þó þarf forseti landsins að vera nægjanlega hraustur til að geta gegnt starfinu. Sex frambjóðendur höfðu skilað inn framboði í gær.



**Mótmælendur komu saman fyrir utan stjórnlagadómstól Alsírs þar sem skila átti inn framboðum.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**»Abdelaziz Bouteflika hefur verið forseti Alsír í 20 ár, frá árinu 1999.**

Mótmælin skiluðu árangri að hluta seint í gær. Þá var lesin í ríkisfjölmiðli landsins yfirlýsing frá forsetanum. Heilsufar forsetans leyfir varla að hann geri slíkt sjálfur auk þess sem hann er um þessar mundir staddur í Sviss í reglulegri læknisskoðun. Forsetinn lofaði að næði hann kjöri á ný myndi hann ekki sitja allt kjörtímabilið.



Mótmælin nú eru stærri en heimsbyggðin hefur vanist hingað til. „Þegar Bouteflika tilkynnti um framboð sitt árið 2014 mótmæltu tugþúsundir þeirri ákvörðun. Nú eru þeir mun fleiri, mörg hundruð þúsund manns. Þá er meiri hiti í þeim, þau eru stærri og í fjölmennari borgum en áður,“ segir Omar Ashour, prófessor við Qatar Doha Institute, við Al Jazeera.

Sem fyrr liggja tölur um mannfall ekki fyrir. Staðfest er þó að Hassan Benkhedda, sonur Benyoucef Benkhedda fyrsta forsætisráðherra landsins eftir að það fékk sjálfstæði frá Frakklandi, lést í mótmælum nærri forsetahöllinni í Algeirsborg á laugardag.

**joli@frettabladid.is**




skattur.is




# Þú afgreiðir framtalið þitt á aðeins fimm mínútum

## Skilafrestur er til 12. mars

*Á Íslandi sparar rafræna tæknibyltingin framteljendum mikinn tíma frá því sem áður var. Nú geta fjölmargir yfirfarið skattframtalið sitt á örfáum mínútum. Framtalið þitt er tilbúið og aðgengilegt á skattur.is með rafrænum skilríkjum eða veflykli RSK með innsendum upplýsingum frá launagreiðendum, fjármálastofnunum og fleirum.*

***Aðstoð verður veitt í síma 442-1414 alla virka daga frá kl. 9:00-15:30. Afgreiðslur eru opnar á sama tíma.***

***Auk þess verður aðstoð í síma og í afgreiðslum RSK á Laugavegi 166 í Reykjavík og Hafnarstræti 95 á Akureyri til kl. 18:00 mánudaginn 11. mars, þriðjudaginn 12. mars og föstudaginn 15. mars.***

## Þú einfaldlega...

*...opnar framtalið*

*...ferð yfir allar upplýsingar*

*...breytir ef ástæða er til*

*...staðfestir*

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI | rsk@rsk.is | 442 1000 | STOFNUN ÁRSINS 2018

# Heiðarleiki



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Allt frá hruni hefur þjóðin borið lítið sem ekkert traust til bankakerfisins enda eru stjórnendur þess með ofurlaun á sama tíma og bankinn hirðir alls kyns óþarfa gjöld af viðskiptavinum. Það ætti að vera nánast ómögulegt fyrir aðrar stofnanir að skáka bönkunum í óvinsældum. Íslenskum stjórnmálamönnum hefur samt tekist það.

Í nýrri mælingu Gallups á trausti til stofnana kemur í ljós að traust almennings á Alþingi og borgarstjórn Reykjavíkur er enn minna en á bönkunum. Traust til Alþingis var að hífast upp, en þá fóru nokkrir fulltrúar þjóðarinnar á alræmt fyllirí. Þeir sitja enn á þingi, í óþökk þjóðarinnar. Nú er traust til Alþingis 18 prósent og í sömu könnun mælist minnst traust til borgarstjórnar eða 16 prósent. Það hefur ekki farið framhjá þjóðinni að algjör ringulreið ríkir í Ráðhúsinu og hún sér enga ástæðu til að treysta þeim fulltrúum sínum sem þar sitja. Klögumálin sem ganga á milli þessara fylkinga eru ekki sæmandi kjörnum fulltrúum þjóðarinnar. Þar ber minnihlutinn reyndar mun meiri sök en meirihlutinn, en burtséð frá því þá er ljóst að gríðarleg orka fer í argaþras þegar hún ætti að nýtast til uppbyggilegra starfa í þágu borgarbúa.

Kjörnir fulltrúar þjóðarinnar, á Alþingi og í Ráðhúsinu, eiga mikið verk fyrir höndum ætli þeir sér að endurheimta traust þjóðarinnar. Ekki er sjálfsagt að það takist. Það má samt koma auga á ljósglætu. Á sama tíma og þjóðin er enn eina ferðina að gefast upp á stjórnmálamönnum sínum var forsætisráðherra þjóðarinnar, Katrín Jakobsdóttir, yngsti kvenleiðtogi Evrópu, valin ein af tuttugu áhrifamestu konum heims af viðskiptatímaritinu CEO Magazine. Tímaritið sagði konurnar á listanum eiga það sameiginlegt að vilja og leitast við að gera heiminn betri – og það veitir svo sannarlega ekki af því.

Landsmenn ættu að vera stoltir af Katrínu Jakobsdóttur, hvort sem þeir fylgja flokki hennar að málum eða ekki. Hún er heiðarleg og hreinskilin, hörkudugleg og með jarðsamband. Fyrir ekki ýkja mörgum árum áttu Íslendingar aðra konu sem gegndi starfi forsætisráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, og hafði einnig þessa eiginleika til að bera, en á sínum tíma setti Forbes hana á lista yfir valdamestu konur heims. Síst af öllu hafa Katrín og Jóhanna gert sig sekar um að skandalísera úti í bæ, eins og of margir stjórnmálamenn hafa á samviskunni, og yfirleitt komist upp með. Mjög var þjarmað að Jóhönnu á sínum tíma og Katrín fær sömuleiðis sínar skammir. Enginn stjórnmálamaður er hafinn yfir gagnrýni en það mega þessar tvær konur eiga að hvorug þeirra verður kennd við klækjastjórnmál. Það þarf fleiri þeirra líka í stjórnmálin.

Það er nóg komið af stjórnmálamönnum sem stunda framapot af mikilli elju, telja ýmiss konar hrossakaup vera sjálfsagðan hluta af starfinu og hafa um leið stórar og miklar hugmyndir um eigið ágæti. Ef heiðarleiki væri ríkjandi afl í íslenskri pólitík væri traust til stjórnmálamanna mun meira en nú er.

**Það mega þessar tvær konur eiga að hvorug þeirra verður kennd við klækjastjórnmál.**





Mælum • Skiptum • Traust og fagleg þjónusta
SKORRI
TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR
Skorri ehf • Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • www.skorri.is


## Halldór




## Frá degi til dags

**Málgleði**

**Sem kunnugt er teppti þingflokkur Miðflokksins þingstörf í liðinni viku þegar til stóð að afgreiða eftirleguaflandskrónur úr þinginu. Samtals töluðu þingmennirnir í nærri 19 klukkustundir við 2. umræðu frumvarpsins. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður flokksins og nefndarmaður í efnahags- og viðskiptanefnd, hafði verið fjarri góðu gamni við nefndarstörfin og ákvað því að láta til sín taka. Alls tók hann 84 sinnum til máls en 60 prósent ræðna hans á yfirstandandi þingi tengdust þessu máli. Vafalaust hefði hann getað forðað sér, og öðrum, frá þessu með nærveru á nefndarfundum.**

**Nándin**

**Undanfarið hafa laun stjórnenda ríkisbanka verið talsvert í umræðunni og virðist sem trúnaðarrof hafi orðið milli stjórnvalda og Bankasýslu ríkisins og stjórna bankanna. Formenn stjórnarflokkanna hafa allir kallað eftir því að launahækkanir verði dregnar til baka, að hluta hið minnsta. Eftir að ríkið eignaðist banka í kjölfar efnahagshrunsins voru menn sammála um að koma Bankasýslunni á fót til að tryggja að bankarnir yrðu í armslengd frá stjórnvöldum. Grípi stjórnvöld inn í núna, hver er þá tilgangur stjórna og Bankasýslunnar?**

**joli@frettabladid.is**

# Jöfnuður, traust og sátt



Oddný Harðardóttir
þingmaður Samfylkingarinnar

Innan norrænna samfélaga mælist ekki bara minni ójöfnuður en annars staðar heldur líka meira traust, meiri sátt, meiri samheldni, betri heilsa og færri glæpir. Allt fylgir þetta jöfnuðinum. Stjórnvöld ættu því að setja aukinn jöfnuð í algjöran forgang.

Þróunin hefur hins vegar verið þveröfug hér á landi seinni árin og andrúmsloftið eftir því. Á árunum fyrir hrun jókst ójöfnuður þegar fjármagnstekjur jukust mikið hjá efstu tekjuhópunum og ekki síður vegna stefnu hægri sinnaðra ríkisstjórna í skatta- og bótamálum. Jöfnuður jókst aftur eftir hrun, vegna þess að ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur, sem starfaði frá 2009 til 2013, beitti skatta- og bótakerfinu markvisst til jöfnunar.

Aftur hefur sigið á ógæfuhliðina eftir þann tíma og þróunin er nú hröð í átt til ójafnaðar. Til að bregðast við þurfum við nú að hækka fjármagnstekjuskattinn og leggja skatt á stóreignir og auðlegð. Auðlindagjöld verða að hækka og renna til þjóðarinnar eins og sanngjarnt er. Bætur og opinber stuðningur ættu að hækka í takti við laun og gjaldheimtu af veiku fólki þarf að linna.

Vilji stjórnvöld auka jöfnuð, samfélagslegt traust og stuðla að raunverulegri þjóðarsátt, þarf að beita bæði skatta- og bótakerfinu og hætta gjaldtöku innan velferðarkerfisins. Tekjutengingar bóta eru mun meiri hér á landi en í hinum norrænu ríkjunum. Barnabætur byrja t.d. að skerðast, samkvæmt ákvörðun núverandi ríkisstjórnar, við lágmarkslaun og launafólk með meðaltekjur fær alls engar barnabætur sem í augum stjórnvalda eru fátækrastyrkur.

Samfylkingin hefur margoft bent á að stjórnvöld hafi á undanförnum árum veikt helstu jöfnunartæki hins opinbera. Þetta hefur verið pólitísk stefna Sjálfstæðisflokks og Framsóknar í ríkisstjórn og er nú gert með stuðningi Vinstri grænna. Samfylkingin tekur heils hugar undir hugmyndir ASÍ um breytingar á gjaldtöku, sköttum og bótum. Með þeim munu kjör almennings batna en auk þess fengist meiri sátt í íslensku samfélagi. Það er til mikils að vinna.

**Aftur hefur sigið á ógæfuhliðina eftir þann tíma og þróunin er nú hröð í átt til ójafnaðar.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálssson kjartanh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Hvað mun sigra?

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

> Lögin tvö sem kepptu til úrslita mynduðu þannig spurningu sem er mjög umhugsunarverð: Hvað ef ég get ekki elskað og hatrið mun sigra?

Framlag Íslands í Júróvisjón í ár er hressandi. Það fær mann til að hugsa. Og hlæja. Og fara í stuð. Þetta er frábært atriði. Auðvitað er hægt að afgreiða lagið sem gjörning ungmenna, brosa pínulítið, hrista höfuðið og halda svo áfram að horfa á línulega dagskrá. Allt er þetta leikur. Afþreying. Eitthvað til að lyfta fólki upp í myrkrinu, yfir snakki og ídýfu. Kapítalisminn sigrar. En ég held að það sé meira í þessu en svo. Þetta er tundurskeyti í hversdagsleikann. Upplyfting í amstrinu. Við erum semsagt að fara að senda lag í Júróvisjón um hatur.

Tja, hví ekki? Það tístir í manni við tilhugsunina, að við skulum ætla að senda svona grallaraspóa inn í þessa glimmerveröld. Þetta verður álíka spennandi og fyrir vísindamenn í Sviss að horfa á árekstur tveggja einda í hraðli. Hvað gerist? Mun allt springa? Verður til svarthol?

Hjálparsveit skáta í Kópavogi getur glaðst yfir vissum sigri BDSM-lífsstílsins og kannski fær hann byr undir báða vængi nú á næstu misserum. Krókar í loftum víða. Aðrar vangaveltur eiga þó hug minn. Eftir að hafa horft á úrslitakvöldið í tölvunni með fjölskyldunni í útlöndum og við höfðum nokkurn veginn sameinast í fylgispekt okkar við Hatara, fór ég að velta fyrir mér spurningunni sem yngsti fjölskyldumeðlimurinn — ekki jafn reyndur í hótfyndni og kaldhæðni og við hin — lét falla í einlægni sinni: Hvað eiga þeir við? Af hverju mun hatrið sigra?



**Atlaga að útskýringu**

Ég, sem heimspekimenntaður, rýk alltaf til þegar svona spurningar gera vart við sig meðal afkvæma minna og lít á það sem heilaga skyldu, sprottna af hæfni, að útskýra vel og vandlega flóknari hliðar tilverunnar, þegar minnsti vottur af áhuga á slíku gerir vart við sig. Það er merkilegt hvað mér mistekst þetta oft. Eiginlega alltaf. Á því var engin breyting nú. Ég gat ekki útskýrt almennilega hvað þeir eiga við, þessir menn. Mun hatrið sigra? Stundum, sonur sæll, segir fólk hið þveröfuga á við það sem það vonar samt sjálft innst inni að gerist, skilurðu. Maður sem vonar að ástin muni sigra getur talið það góða leið til þess að vekja aðra til umhugsunar að klæða sig í þröngt plast og reipi og öskra að hatrið muni sigra. Eða eitthvað. Samskipti fólks eru flókin. Listin er margbrotin. Nú skulum við bursta tennurnar.

**Kafað dýpra**

Hver er þá hin mikla undirliggjandi heimspekilega sögn Hatara? Mér finnst hið bitastæða vera þetta: Svartsýnisspámaðurinn Matthías tekur sér stöðu á goðsagnakenndu sviði og hrópar hið fornkveðna, eins og ótal bölsýnisspámenn fyrri tíma hafa gert, að heimurinn muni kollsteypa sér í hörmungar og myrkur, að allt sé fánýtt gagnvart eyðingarmætti hatursins. Mótsöngvarinn — með hárgreiðslu sem ég reyndi einu sinni að fá mér sjálfur með ömurlegum afleiðingum — er svo táknmynd hins eilífa og viðkvæma blóms fegurðarinnar, sem er fórnað á eyðingaraltari myrkursins.

Þetta er sterk mynd. Þetta öskur hefur oft verið hrópað. Það sem blasir við í mínum huga er hins vegar sú niðurstaða, að þrátt fyrir máttugt öskur hatursins, þá mun hatrið aldrei sigra. Það má sín líka lítils, eins og fegurðin og ástin.

Af hverju? Jú, vegna þess að veröldin heldur alltaf áfram. Tíminn stoppar ekki. Hatrið sigrar einu sinni. Ástin næst. Og svo endalaust, koll af kolli. Ekkert mun sigra. Ekki einu sinni dauðinn, því af honum sprettur líf. Í texta Hatara er þetta viðurkennt. „Rísið úr öskunni,“ hrópar spámaðurinn. „Sameinuð sem eitt.“ Í þessu felst vonin. Í áframhaldinu — svo lengi sem það slokknar ekki á sólinni (sem yrði bömmer) — felst alltaf von. Mannkynssagan, eins og margir magnaðir heimspekingar hafa bent á, er barátta andstæðna, sem hættir aldrei.

**Spurning laganna tveggja**

En hvað ef tíminn er afmarkaður, eins og í tilviki einstaklinga? Manni er skaffað eitt líf. Innan þess ramma getur hatrið vissulega sigrað, ekki satt? Lögin tvö sem kepptu til úrslita mynduðu þannig spurningu sem er mjög umhugsunarverð: Hvað ef ég get ekki elskað og hatrið mun sigra? Barátta kærleika og haturs þar sem annað aflið getur í raun og veru unnið fullnaðarsigur á sér stað í hjörtum manna. Í hinni einstaklingsbundnu baráttu fólks við sjálft sig og kringumstæður sínar.

Þess vegna er frábært að senda þetta lag til Ísrael. Í Ísrael býr fullt af góðu fólki, en manni sýnist stundum að þar sé líka þónokkuð af áhrifafólki sem hefur ákveðið að láta hatur ráða ákvörðunum sínum. Framlag Íslands er einhvers konar öfug sálfræði inn í þessar kringumstæður, svipað og maður notar stundum á börn. Farðu þá bara ekki að sofa! Látið þá bara hatrið sigra!

Kannski vakna einhverjir til umhugsunar og skynja ádeiluna, beiðnina, sem í þessu felst. Þetta er nefnilega ekki bara grín.



# ☆Fjör fyrir alla í

Sumarferðir bjóða ferðir á góðum kjörum fyrir fjölskyldur af öllum stærðum og gerðum. Á áfangastöðum Sumarferða er fjölbreytt afþreying og fjör í boði fyrir alla fjölskylduna.

Á flestum áfangastöðum Sumarferða er íslenskur fararstjóri ykkur til halds og trausts í fríinu. Öll flug eru bein flug og ferðataska og handfarangur innifalið.

NÝTT  MAÍ SÓL

**TENERIFE**
SAINT GEORGE ☆☆☆
FRÁ **106.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 2 svefnherbergjum og morgunverði. Verð frá 115.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.
*Ferðatímabil: 14.–21. maí – 7 nætur*

MAÍ SÓL

**TENERIFE**
PALM BEACH ☆☆
FRÁ **86.900 KR.**
Verð á mann m.v. 3 fullorðna og 3 börn í íbúð með 2 svefnherbergjum. Verð frá 122.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.
*Ferðatímabil: 21.–28. maí – 7 nætur*

**TENERIFE**
PARQUE CRISTOBAL ☆☆☆
FRÁ **85.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í premier smáhýsi með 1 svefnherbergi. Verð frá 122.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna
*Ferðatímabil: 24.–31. ágúst – 7 nætur*

**KANARÍ**
APARTAMENTOS DOROTEA ☆☆
FRÁ **79.900 KR.**
Verð á mann m.v. 3 fullorðna og 2 börn í íbúð með 2 svefnherbergjum. Verð frá 95.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.
*Ferðatímabil: 3.–10. júní – 7 nætur*

**KANARÍ**
CORONA BLANCA ☆☆
FRÁ **81.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi. Verð frá 95.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.
*Ferðatímabil: 24. júní – 1. júlí – 7 nætur*

**KANARÍ**
BUNGALOWS PARQUE CR. ☆☆☆
FRÁ **81.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 3 börn í smáhýsi með 2 svefnherbergjum. Verð frá 117.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.
*Ferðatímabil: 26. ágústu – 2. sept. – 7 nætur*

ALLT INNIFALIÐ

**ALMERÍA**
MEDITERRANEO BAY ☆☆☆☆
FRÁ **112.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í junior svítu **ALLT INNIFALIÐ.** Verð frá 142.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.
*Ferðatímabil: 31. maí – 7. júní – 7 nætur*

**ALMERÍA**
PIERRE VACANCES ☆☆☆
FRÁ **78.900 KR.**
Verð á mann m.v. 4 fullorðna og 2 börn í íbúð með 2 svefnherbergjum. Verð frá 109.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.
*Ferðatímabil: 16.–23. ágúst – 7 nætur*

MAÍ SÓL

**ALBIR**
KAKTUS ☆☆☆☆
FRÁ **89.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með hálfu fæði. Verð frá 104.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.
*Ferðatímabil: 7.–14. maí – 7 nætur*

**Innifalið í verði: Flug, flugvallaskattar, gisting, íslensk fararstjórn, ferðataska og handfarangur. Þjónustusími opinn allan sólarhringinn.**
**Bókaðu núna, fleiri verðdæmi og brottfarir á www.sumarferdir.is**


fjölskyldusól
BENIDORM
MAGIC TROPICAL SPLASH ☆☆☆
FRÁ 136.900 KR.
Verð á mann m.v. 3 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi og morgunverði. Verð frá 160.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.
Ferðatímabil: 13.–20. júní – 7 nætur
LLORET DE MAR
GUITART GOLD CENTRAL ☆☆☆☆
FRÁ 97.900 KR.
Verð á mann m.v. 3 fullorðna og 2 börn í junior svítu með morgunverði. Verð frá 112.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.
Ferðatímabil: 30. maí – 8. júní – 7 nætur
TOSSA DE MAR
GHT OASIS TOSSA ☆☆☆☆
FRÁ 106.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn í tvíbýli með morgunverði. Verð frá 124.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.
Ferðatímabil: 20.–29. júní – 7 nætur
SKOÐAÐU FLEIRI VERÐDÆMI Á Sumarferdir.is
SUMAR FERÐIR
...eru betri en aðrar
Sími 514 1400 | sumarferdir@sumarferdir.is

FRÉTTABLAÐIÐ SPORT

## Eins dauði er annars brauð



Valsmenn stigu stórt skref í átt að því að bjarga sæti sínu í Domino's-deild karla fyrir næsta tímabil með sigri á Blikum í Smáranum í gær. Með því felldi Valur endanlega Blika sem hafa aðeins unnið einn leik af nítján til þessa. Valsmenn fá tækifæri til að endanlega innsigla framtíð sína í deildinni í næstu umferð þegar þeir mæta Borgnesingum sem eru að berjast fyrir lífi sínu í deildinni þegar stutt er eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Viljum gera betur í sókninni

**FÓTBOLTI** Manchester City komst aftur upp fyrir Liverpool um helgina og er í toppsæti deildarinnar í fyrsta sinn í tæpa þrjá mánuði fyrir utan stuttan tíma þegar City-menn voru búnir að leika einum leik meira en Liverpool. City-menn ferðuðust til Bournemouth og tóku stigin þrjú í leik sem þeir stýrðu frá fyrstu sekúndu þrátt fyrir að munurinn hafi aðeins verið eitt mark en degi síðar tókst nágrönnum Liverpool í Everton að krækja í stig og koma í veg fyrir að þeir rauðklæddu hrifsuðu toppsætið til sín á ný.

**27**
stig hefur Manchester City fengið í síðustu tíu leikjum.

**Lykilmenn fjarverandi**
Það er algengt að lið gleymi sér í kæruleysi í fyrsta leiknum eftir að hafa unnið titil og var verkefni Manchester City um helgina ekki auðvelt. Bournemouth hefur verið mun sterkara á heimavelli en á útivelli líkt og sást þegar Chelsea fékk að kenna á því í heimsókn fyrr í vetur. Þá mætti City til leiks án tveggja af mikilvægustu leikmönnum liðsins til baka, Aymeric Laporte hefur verið klettur í vörn liðsins og Fernandinho hefur um árabil verið mikilvægasti leikmaður liðsins á miðjunni.

Besti maður liðsins á síðasta tímabili, Kevin De Bruyne, fór meiddur af velli í fyrri hálfleik og bættist við meiðslalista liðsins en þá kemur sér vel hvað leikmannahópur liðsins er gríðarsterkur. Þegar De Bruyne fór af velli gat Guardiola kallað á Alsíringinn Riyad Mahrez sem var valinn besti leikmaður deildarinnar fyrir þremur árum. Mahrez hefur átt erfitt uppdráttar í liði Manchester City og verið í aukahlutverki en um helgina var hann hetjan og skoraði eina mark leiksins af stuttu færi eftir stífa sókn City-manna.

Annan leikinn í röð var munurinn ekki nema eitt mark og því alltaf möguleiki á jöfnunarmarki en líkt og gegn West Ham var lítið sem ekkert sem benti til þess að Bournemouth myndi jafna leikinn um helgina.

Guardiola fór fögrum orðum um spilamennsku sinna manna eftir leikinn. Þrátt fyrir að hafa unnið leiki með mun meiri mun var Guardiola á því að spilamennskan gegn Bournemouth hefði verið ein sú besta síðan hann tók við taumunum.

„Þetta var ótrúlegt, sennilega ein besta frammistaða liðsins síðan ég tók við Manchester City. Það voru allir leikmenn liðsins tilbúnir og það gekk allt upp. Við stýrðum leiknum á öllum sviðum sem er hreint út sagt magnað eftir 25 leiki á síðustu þremur mánuðum,“ sagði Guardiola og bætti við:

„Bournemouth er með öflugt lið sem er erfitt heim að sækja en þeir áttu ekki skot á markið hérna í dag. Við stýrðum öllum þeirra aðgerðum og í sókninni tókst okkur að finna lausnir þrátt fyrir að þeir væru með tíu leikmenn í eigin vítateig.“

### Stóru málin

**eftir helgina í enska boltanum**

**Stærstu úrslitin**
Liverpool tókst ekki að taka þrjú stig gegn erkifjendum sínum sem þýðir að Manchester City er komið í toppsætið á ný eftir langa fjarveru. Ríkjandi Englandsmeistarar eru nú með pálmann í höndunum þegar níu umferðir eru eftir.

**Hvað kom á óvart?**
Eftir ellefu mánuði án jafnteflis lauk nágrannaslag Tottenham og Arsenal með jafntefli. Fram að því var Tottenham búið að leika 32 leiki í röð án jafnteflis en það mátti litlu muna enda varði Hugo Lloris í marki Spurs vítaspyrnu á lokamínútum leiksins.

**Mestu vonbrigðin**
Arsenal gat minnkað forskot Tottenham niður í eitt stig í baráttunni um þriðja sætið og fékk sannkallað dauðafæri. Pierre-Emirick Aubameyang fékk vítaspyrnu á lokamínútum leiksins á laugardaginn en hann brenndi af.

KFC
KJÚLLA BOLLA





í gær er City skyndilega með pálmann í höndunum. NORDICPHOTOS/GETTY

# örlögin í eigin hendur

ekki að sjá neina bikarþynnku hjá leikmönnum Manchester City sem hafa Draumurinn um fernuna sem Guardiola vill ekki ræða er áfram í sjónmáli.

## Leikmaður helgarinnar

Romelu Lukaku reyndist hetja Manchester United þegar hann skoraði sigurmarkið á 89. mínútu í 3-2 sigri á Southampton um helgina. Með því tókst Manchester United að vinna tíunda leikinn af síðustu tólf undir Ole Gunnar Solskjær og saxa á forskot Tottenham í baráttunni um sæti í Meistaradeild Evrópu á næsta tímabili.



Lukaku átti erfitt uppdráttar í byrjun tímabilsins, sérstaklega á Old Trafford en hann hefur nú skorað fjögur mörk í síðustu tveimur leikjum og er að öðlast sjálfstraust undir stjórn Solskjærs.

Hann sýndi liprar hreyfingar og afgreiddi færin vel í mörkunum tveimur, þá sérstaklega í því síðara sem kom með skoti frá vítateiglsínunni.

**Þeir áttu ekki eitt skot á markið sem er ótrúlegt því þetta er afar erfiður völlur að koma á.**

Pep Guardiola



**Draumurinn um fernuna lifir**

Fyrir utan eitt óvænt tap gegn Newcastle hefur Manchester City verið á miklu skriði undanfarnar vikur. Níu leikir í síðustu tíu leikjum í deildinni ásamt því að liðið er komið í átta liða úrslit enska bikarsins og í góðri stöðu eftir fyrri leikinn í sextán liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu.

Tuttugu ár eru liðin síðan Manchester United, nágrannar þeirra, urðu eina liðið í sögunni til að vinna þrennu en Manchester City gerir nú harða atlögu að því að bæta met þeirra.

**kristinnpall@frettabladid.is**

## Okkar menn

**Íslendingar í efstu tveimur deildunum á Englandi**



Everton
**Gylfi Þór Sigurðsson**
Lék allan leikinn í markalausu jafntefli gegn Liverpool á heimavelli. Barðist vel og átti lipra takta.



Burnley
**Jóhann Berg Guðm.**
Kom inn af bekknum í hálfleik en gat ekki komið í veg fyrir 1-3 tap gegn Crystal Palace.



Cardiff City
**Aron Einar Gunnarsson**
Byrjaði leikinn og lék allar 90 mínúturnar þegar Cardiff tapaði 0-2 gegn Úlfunum.



Reading
**Jón Daði Böðvarsson**
Ekki í hóp annan leikinn í röð hjá Reading vegna meiðsla á baki í sigri Reading.



Aston Villa
**Birkir Bjarnason**
Kom ekkert við sögu af bekknum í öruggum 4-0 sigri Aston Villa gegn Ipswich á heimavelli.




**Fyrsta stökk Hafdísar um helgina var dæmt ógilt sem að hennar sögn truflaði undirbúninginn örlítið fyrir næstu stökk.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Það þarf allt að ganga upp á svona dögum

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Hafdís Sigurðardóttir, sem keppir fyrir hönd UFA, lenti í 16. sæti í undankeppninni í langstökki á Evrópumótinu í frjálsum íþróttum innanhúss á laugardaginn í Glasgow en þetta er í fjórða sinn sem Hafdís tekur þátt í mótinu.

Hafdís stökk lengst 6,34 metra og vantaði fimmtán sentímetra til að komast meðal átta efstu í undankeppninni sem kepptu til úrslita í gær en það hefði jafnað besta stökk hennar til þessa á árinu.

Hafdís lenti í vandræðum í byrjun því fyrsta stökkið var dæmt ógilt og segir hún að það hafi truflað hana örlítið.

„Ég vissi það fyrirfram að ég þyrfti að eiga minn besta dag til að komast áfram en hlutirnir voru ekki að smella hjá mér. Fyrsta stökkið var dæmt ógilt og það kom manni úr takti. Maður finnur fyrir smá stressi yfir að það séu bara tvö stökk eftir en svona eru íþróttirnar. Það gengur bæði vel og illa en ég fer ánægð heim eftir þessa reynslu," segir Hafdís.

Í öðru stökkinu fór Hafdís 6,25 metra og bætti sig um níu millimetra í lokastökkinu en það dugði ekki til.

„Miðað við allt í undirbúningnum var þetta ágætt þótt ég viti að ég geti stokkið lengra. Það kom ekki akkúrat þarna og á stórmótum þarf allt að ganga upp. Ég veit að ég á heima með þeim bestu en ég þarf að komast á fleiri stórmót og stimpla mig inn. Það er ekki skortur á því að trúa á verkefnið." **– kpt**

# Snorri í 18. sæti í Seefeld

**SKÍÐI** Skíðagöngukappinn Snorri Eyþór Einarsson náði í gær einum besta árangri sem íslenskur keppandi í skíðagöngu hefur náð þegar hann endaði í 18. sæti á HM í alpagreinum í 50 kílómetra skíðagöngu. Mótinu lauk í gær í Seefeld í Austurríki og fékk hann 16.04 FIS-stig sem þýðir að hann er kominn með 50,03 stig í heildina.

Snorri var númer 52 á ráslistanum sem fór eftir heimslista FIS sem þýðir að Snorri var í 52. sæti meðal keppenda. Norðmaðurinn Hans Christer Holund náði forskotinu snemma og var í sérflokki með Alexander Bolshunov þar á eftir en það voru samkvæmt Skíðasambandi Ísland um 20 manns í næsta holli, þar á meðal Snorri og fór svo að hann lenti í 18. sæti á 1:51.14,9, rúmri mínútu á eftir Holund en innan við 20 sekúndum á eftir Sjur Roethe sem tók bronsverðlaunin.

„Þetta gekk vel og ég er afar sáttur. Það komu smá hnökrar eftir 15 kílómetra og svo aftur eftir 30 en það er frábært að ná 18. sætinu," sagði Snorri í samtali við Skíðasambandið eftir gönguna í Seefeld í gær.

„Þetta gekk bara allt vel, við vorum búnir að setja upp áætlun sem stóðst. Það tókst að halda í við hópinn og með því tókst mér að safna orku fyrir lokasprettinn," sagði Snorri um besta árangur sinn frá upphafi.

„Það er undir mér komið að festa mig í sessi þarna. Ég vissi að á góðum degi gæti ég náð þessum árangri." **– kpt**



**Snorrl Eyþór Einarsson**



## Merkisatburðir

**51 f.Kr.** Neró, síðar Rómarkeisari, fær titilinn princeps iuventutis, eða leiðtogi ungdómsins.

**852** Trpimir hertogi skrifar um Króata í fyrstu heimildinni sem vitað er um þar sem þjóðin er nefnd á nafn.

**1152** Friðrik Barbarossa verður konungur Þjóðverja.

**1213** Hrafn Sveinbjarnarson á Eyri við Arnarfjörð er myrtur á heimili sínu.

**1351** Ramathibodi verður konungur Síam.




**1493 Kristófer Kólumbus** kemur aftur til Portúgal eftir för sína til Karíbahafsins.

**1665** Karl annar Englandskonungur lýsir yfir stríði við Niðurlönd.

**1681** Karl annar gefur William Penn land í Norður-Ameríku sem síðar verður Pennsylvanía.

**1789** Fyrsta Bandaríkjaþingið innleiðir stjórnarskrá Bandaríkjanna.

**1791** Vermont verður fjórtánda ríki Bandaríkjanna.

**1797** John Adams verður annar forseti Bandaríkjanna.

**1960** Franska fraktskipið La Coubre springur við Havana með þeim afleiðingum að hundrað farast.



**1964 Hljómar** spila á fyrstu „bítlatónleikunum“ á Íslandi.

**1968** Romm handa Rósalind eftir Jökul Jakobsson, fyrsta leikritið sérstaklega sett upp fyrir sjónvarp, sent út.

**2000** Leikjatölvan PlayStation 2 kemur á markað í Japan.

# Fimm aldir frá komu skúrksins til Mexíkó

**Hernán Cortés kom til Júkatanskaga fyrir 500 árum, innlimaði svæðið í spænska konungsríkið og stráfelldi frumbyggja. Sagnfræðingur og kennari við MH segir að litið sé á Cortés sem skúrk nú til dags.**



Cortés hittir Montesúma annan, konung Asteka. NORDICPHOTOS/GETTY

Fimm hundruð ár eru liðin í dag frá því Spánverjinn Hernán Cortés nam land á Júkatanskaga í Mexíkó. Koma hans á skagann breytti sögu svæðisins, færði það undir spænsku krúnuna og leiddi til falls Astekaveldisins.

Stefán Ásgeir Guðmundsson, sögukennari í Menntaskólanum við Hamrahlíð, segir í samtali við Fréttablaðið að það sé einfaldlega ómögulegt að svara því hvernig Mexíkó væri nú ef Cortés og fylgdarlið hans hefðu ekki lagt í þessa för.

Aðspurður um áhrif Cortés og hans manna segir Stefán: „Það sem kemur fyrst upp í hugann eru að sjálfsögðu örlög frumbyggja. Öll menning og heimsmynd þeirra var brotin niður. Óhemjumikið mannfall, aðallega vegna sjúkdóma sem fylgdu Spánverjum. Til dæmis er talað um að fjöldi frumbyggja á því svæði sem er Mexíkó í dag hafi farið úr 25 milljónum niður í eina milljón milli 1500 og 1600.“

Hann bætir því við að einnig sé vert að nefna áhrif evrópskra plantna og dýra frá Evrópu á Ameríku. „Til dæmis áhrif allra grasbíta á gróðurfar og náttúru Mexíkó.“

Þrátt fyrir að hafa fært svæðið undir spænsku krúnuna á sínum tíma er Cortés því ekki hampað sem hetju nú til dags. „Í dag er Cortés skúrkurinn. Það var hann sem eyðilagði heim frumbyggja með tilheyrandi hörmungum fyrir þá. Þetta viðhorf endurspeglast meðal annars í því að hvergi er styttu að finna af Cortés í Mexíkó, á meðan töluvert er til af minnismerkjum frumbyggja, líkt og styttur af Cuauhtémoc, einum leiðtoga Asteka,“ segir Stefán og bætir við:

„Einnig má segja að hin opinbera saga sé kennd þannig. En auðvitað var Cortés eingöngu maður sinnar kynslóðar og þess tíma þegar Spánverjar voru að leita eftir nýjum tækifærum utan Evrópu.“

Stefán gekk sjálfur í háskóla í Mexíkó. Hann segir að ekki hafi verið mikið rætt um Cortés dagsdaglega. „En þeim mun meira um hvers staða frumbyggja er í dag. Þessar um það bil tíu milljónir frumbyggja sem ennþá tala sín tungumál hafa „gleymst“ í svokallaðri nútímavæðingu Mexíkó, hreinlega verið skilin eftir. Þetta er sá hópur sem býr við verstar aðstæður,“ segir hann.



Stefán Ásgeir Guðmundsson, sögukennari í Menntaskólanum við Hamrahlíð.

Að lokum segir Stefán að þótt venjulega sé talað um kaflaskipti í sögunni þegar landafundirnir miklu áttu sér stað sé það bara ein sýn á málið. Önnur sé að gjörðir Spánverja í Ameríku hafi verið eðlilegt framhald af atburðum sem áttu sér stað á Íberíuskaga aldirnar á undan. „Það er, kristnir menn telja sig vera í eins konar krossferð gegn villutrúarmönnum. Þeir voru að vinna ríkidæmi og nýjar sálir. Cortés er því eingöngu að halda áfram því ferli sem forfeður hans voru búnir að gera aldirnar á undan gegn Márum. Eingöngu á nýju landsvæði og þá gegn frumbyggjum í nýja heiminum.“ thorgnyr@frettabladid.is



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Matthías Einarsson**

fv. lögregluvarðstjóri á Akureyri,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði hinn 27. febrúar sl. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju, föstudaginn 8. mars nk. kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Líknarsjóð Oddfellowreglunnar.

**Jóhanna María Pálmadóttir**
**Pálmi Matthíasson** **Unnur Ólafsdóttir**
**Stefán E. Matthíasson** **Ásdís Ólöf Gestsdóttir**
**Gunnar Rúnar Matthíasson** **Arnfríður Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Lögmannsstofan Fortis verður lokuð í dag, mánudaginn 4. mars, vegna jarðarfarar Gylfa Thorlacius hæstaréttarlögmanns.

FORTIS
Lögmannsstofa

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

ÞETTA GERÐIST: 4. MARS 1971

## Geirfuglinn keyptur á uppboði



Hinn víðfrægi geirfugl var keyptur á uppboði á þessum degi árið 1971 eftir að Íslendingar höfðu saman safnað peningum til að festa kaup á þessu uppstoppaða dýri.

Geirfugl er útdauð fuglategund sem varð allt að sjötíu sentímetra há, vó um fimm kíló og var ófleyg. Síðustu tveir fuglarnir voru veiddir í Eldey í júní árið 1844. Færri en hundrað uppstoppaðir fuglar eru nú til í heiminum.

Alþýðublaðið gladdist mjög yfir kaupunum á sínum tíma og birti frétt undir fyrirsögninni „VIÐ EIGUM FUGLINN!“.

„Íslendingar eru búnir að eignast geirfuglinn. Hann var sleginn okkur upp úr hádeginu í dag á tæpar 1900 þúsundir króna. Uppboðið fór fram hjá Sotheby's í London, einu kunnasta fyrirtæki sinnar tegundar í veröldinni. Í gær var fullyrt að fjársterkir Bandaríkjamenn ætluðu að klófesta geirfuglinn en þeir virðast hafa gugnað,“ sagði í fréttinni.

Tíminn skrifaði svo um fuglinn þegar hann var heim kominn. Þar lýsti Valdimar Jóhannesson, framkvæmdastjóri geirfuglssöfnunarinnar, uppboðsbaráttu við umboðsmann bandaríska auðkýfingsins Duponts. „Þegar okkar maður var kominn upp í 6000 pund hækkaði maður Duponts sig skyndilega upp í 8000. Lét hann sér ekki nægja að gefa merki eins og venja er, heldur kallaði upp hátt og snjallt, svo heyrðist um allan sal: Ég býð 8000 pund! Þá bauð okkar maður strax 9000 og var honum sleginn geirfuglinn.“

# AEG

# TILBOÐSDAGAR

## 15-20% afsláttur af öllum AEG vörum.




FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

**Opnunartímar:**
**Virka daga kl. 10-18**
**Laugardaga kl. 11-15**

ormsson

Fæst í netverslun
ORMSSON.IS

ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON<br>KEFLAVÍK<br>SÍMI 421 1535 | ORMSSON<br>ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI<br>SÍMI 456 4751 | KS<br>SAUÐÁRKRÓKI<br>SÍMI 455 4500 | SR BYGG<br>SIGLUFIRÐI<br>SÍMI 467 1559 | ORMSSON<br>AKUREYRI<br>SÍMI 461 5000 | PENNINN<br>HÚSAVÍK<br>SÍMI 464 1515 | ORMSSON<br>VÍK -EGILSSTÖÐUM<br>SÍMI 4712038 | ORMSSON<br>PAN-NESKAUPSSTAÐ<br>SÍMI 477 1900 | ORMSSON<br>ÁRVIRKINN-SELFOSSI<br>SÍMI 480 1160 | GEISLI<br>VESTMANNAEYJUM<br>SÍMI 481 3333 | TÆKNIBORG<br>BORGARNESI<br>SÍMI 422 2211 | OMNIS<br>AKRANESI<br>SÍMI 433 0300 |

# Hvað? Hvenær? Hvar? Mánudagur

hvar@frettabladid.is

## 4. MARS 2019

**Hvað?** Fyndnasti háskólaneminn 2019
**Hvenær?** 20.00-22.00
**Hvar?** Stúdentakjallaranum
Með þessari keppni verður útkljáð fyrir fullt og allt hver sé fyndnasti háskólaneminn 2019. Sex einstaklingar keppa á úrslitakvöldinu en snillingarnir í Mið-Íslandi munu vera þungamiðjan í valinu á sigurvegaranum. Alice Bower sem var valin fyndnasti háskólaneminn á síðasta ári verður gestadómari.

**Hvað?** Málstofa um konur, viðskipti og lög
**Hvenær?** 18.00-19.15
**Hvar?** Hilton Nordica
Sameiginlegur viðburður utanríkisráðuneytisins og Alþjóðabankans þar sem niðurstöður nýrrar skýrslu — Women, Business and the Law 2019 — verða kynntar og ræddar. Utanríkisráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson, flytur opnunarávarp og Kristalina Georgieva, starfandi forseta Alþjóðabankans, kynnir niðurstöður skýrslunnar.

**Hvað?** Tækniyfirfærsla hjá MIT – Brú á milli vísinda og atvinnulífs
**Hvenær?** 12.00-13.00
**Hvar?** Háskólinn í Reykjavík
Lesley Millar-Nicholson, sem stýrir tækniyfirfærsluskrifstofu MIT-háskólans í Bandaríkjunum mun halda erindi um tækniyfirfærslu í Háskólanum í Reykjavík, stofu M209, kl. 12-13, mánudaginn 4. mars. Til að nýta rannsóknir er nauðsynlegt að hafa vísindastarf aðgengilegt og sýnilegt fjárfestum og atvinnulífi hér á landi og erlendis, annars er hætt við því að tækifæri til verðmæta- og nýsköpunar fari forgörðum. Líta má á tækniyfirfærslu sem brú á milli vísinda og atvinnulífs og án hennar er hætta á því að vísindin einangrist og þekkingin lokist af í háskólasamfélaginu.

**Hvað?** Grunnbúðir K2 – myndakvöld
**Hvenær?** 20.00-22.00
**Hvar?** Skeifunni 11
Á fjórða myndakvöldi vetrarins, 4. mars, eru sýndar myndir frá gönguferð um Karakoramfjöllin í Pakistan í grunnbúðir K2, Broad peak og Nanga parbat. K2 er næsthæsta fjall jarðar, 8.611 metrar, en grunnbúðirnar eru í 5.400 metra hæð. Ásta Þorleifsdóttir kynnir myndirnar sem mæðgurnar Lilja Steinunn Jónsdóttir og Ásta tóku í ferðinni. Aðgangseyrir er 1.500 kr.



Fyndnasti háskólaneminn árið 2019 verður valinn í kvöld klukkan 20.00 í Stúdentakjallaranum. Hér sést frá keppninni 2017. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR







**Lífsbaráttan í náttúrunni**
með David Attenborough



í kvöld kl. 20
Stórbrotnir dýralífsþættir þar sem fjallað er um fimm dýrategundir og lífsbaráttu þeirra.
Íslensk talsetning. Á RÚV 2 með ensku tali kl. 22.10.

RÚV okkar allra




# DAGSKRÁ

# Mánudagur

## RÚV SJÓNVARP

**13.00 Úr Gullkistu RÚV. Útsvar 2012-2013 Akranes – Fljótsdalshérað**
**14.05 Úr Gullkistu RÚV. 91 á stöðinni** Skemmtiþættir frá 1991 þar sem Spaugstofumenn fást við fréttir líðandi stundar. Leikstjóri: Karl Ágúst Úlfsson. Dagskrárgerð: Kristín Erna Arnardóttir. e.
**14.25 Úr Gullkistu RÚV. Tónahlaup Megas og Sjálandsskóli**
**15.00 Úr Gullkistu RÚV. Út og suður** Gísli Einarsson fer vítt og breitt um landið og bregður upp svipmyndum af fólki. Í þættinum hittum við Albert Eiríksson sem hefur byggt upp og rekur safn franskra sjómanna á Fáskrúðsfirði. Einnig eru hjónin á Hala í Suðursveit heimsótt, þau Fjölnir Torfason og Þorbjörg Arnórsdóttir.
**15.25 Úr Gullkistu RÚV. Af fingrum fram, Ellen Kristjánsdóttir** Viðtals- og tónlistarþáttaröð í umsjón Jóns Ólafssonar. Jón fær til sín ýmsa tónlistarmenn í spjall og saman laða þeir fram ljúfa tóna. e.
**16.05 Átök í uppeldinu**
**16.45 Silfrið**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Símon**
**18.06 Mói**
**18.17 Klaufabárðarnir**
**18.26 Ronja ræningjadóttir**
**18.50 Krakkafréttir**
**19.00 Fréttir** Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Alla daga, allt árið um kring.
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin**
**20.00 Lífsbarátta í náttúrunni – Ljón** Stórbrotnir dýralífsþættir úr smiðju Davids Attenborough þar sem fylgst er með lífi fimm dýrategunda og fjallað um áskoranirnar sem bíða þeirra, meðal annars vegna loftslagsbreytinga og annarra ógna af manna völdum. Dýrategundirnar sem fylgst er með í þáttunum eru mörgæsir, simpansar, ljón, afrískir villihundar og tígrisdýr. Þættirnir eru talsettir á íslensku en sýndir á sama tíma á RÚV2 með ensku tali.
**20.55 Lífsbarátta í náttúrunni. Á tökustað – Ljón** Skyggnst bak við tjöldin við gerð dýralífsþáttanna Dynasties, en þættirnir voru fjögur ár í framleiðslu. Þættirnir eru talsettir á íslensku en sýndir á sama tíma á RÚV 2 með ensku tali.
**21.10 Gíslatakan**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Ég vil vera skrítin** Heimildarmynd um bresku listakonuna Kitty Von Sometime. Hún er upphafskona listaverkefnisins The Weird Girls Project sem er röð verka þar sem konur eru í forgrunni. Markmiðið er meðal annars að styrkja sjálfstraust og líkamsímynd kvenna og hvetja þær til að sleppa fram af sér beislinu. Leikstjórn: Brynja Dögg Friðriksdóttir.
**23.35 Kastljós**
**23.50 Menningin**
**00.00 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** The Honda Classic
**13.00** Golfing World
**13.50** The Honda Classic
**18.50** PGA Highlights
**19.45** The Honda Classic

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
Dr. Phil
**08.45** The Tonight Show
**09.30** Síminn + Spotify
**12.00** Everybody Loves Raymond
**12.20** The King of Queens
**12.40** How I Met Your Mother
**13.05** Dr. Phil
**13.45** Lifum lengur
**14.20** Crazy Ex-Girlfriend
**15.05** Ally McBeal
**16.00** Malcolm in the Middle
**16.20** Everybody Loves Raymond
**16.45** The King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show
**19.00** The Late Late Show
**19.45** The Good Place
**20.10** The F Word (US)
**21.00** Hawaii Five-0
**21.50** Blue Bloods
**22.35** MacGyver
**23.20** The Tonight Show
**00.05** The Late Late Show
**00.50** NCIS
**01.35** NCIS. Los Angeles
**02.20** FBI
**03.05** The Gifted
**03.50** Salvation
**04.35** Síminn + Spotify

## RÚV RÁS EITT

**06.45** Morgunbæn og orð dagsins
**06.50** Morgunvaktin
**07.00** Fréttir
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.00** Fréttir
**09.05** Segðu mér
**09.45** Morgunleikfimi
**10.00** Fréttir
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Flugur Egill Ólafs, Júníus Meyvant og Lay Low
**11.00** Fréttir
**11.03** Mannlegi þátturinn
**12.00** Fréttir
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.40** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir
**12.55** Samfélagið
**14.00** Fréttir
**14.03** Til allra átta
**15.00** Fréttir
**15.03** Í ljósi skáldsögunnar - um Milan Kundera og verk hans
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** HátalarinnHér og nú!
**17.00** Fréttir
**17.03** Lestin
**18.00** Spegillinn
**18.30** Útvarp Krakka RÚV Krakkafréttir vikunnar
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.35** Mannlegi þátturinn
**21.35** Kvöldsagan. Ör. Sögulok
**22.00** Fréttir
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Passíusálmar
**22.15** Samfélagið
**23.05** Lestin
**00.00** Fréttir
**00.05** Næturútvarp Rásar 1

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.45** A Quiet Passion
**13.50** The Fits
**15.05** Dare To Be Wild
**16.50** A Quiet Passion
**18.55** The Fits
**20.10** Dare To Be Wild
**22.00** The Dark Tower
**23.40** Pasolini
**01.05** Pressure
**02.40** The Dark Tower

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** The Mindy Project
**07.45** Friends
**08.05** The Middle
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** I Own Australia's Best Home
**10.25** Born Different
**10.50** Great News
**11.10** Óbyggðirnar kalla
**11.35** Hönnun og lífsstíll með Völu Matt
**12.00** Landnemarnir
**12.35** Nágrannar
**13.00** The X-Factor UK
**14.30** The X-Factor UK
**15.20** The Secret Life of a 4 Year Olds
**16.10** The Goldbergs
**16.35** The Big Bang Theory
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Veður
**19.25** Um land allt
**20.00** God Friended Me
**20.45** S.W.A.T.
**21.30** Tin Star
**22.15** It's a Hard Truth Ain't It
**23.30** 60 Minutes
**00.15** Hand i hand
**01.00** The Little Drummer Girl
**01.45** Blindspot
**02.30** Keeping Faith
**03.25** Keeping Faith
**04.20** The Art Of More
**05.50** The Art Of More

## STÖÐ 3

**19.05** Modern Family
**19.30** Silicon Valley
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** Who Do You Think You Are?
**21.50** Curb Your Enthusiasm
**22.30** Game Of Thrones
**23.20** Big Love
**00.15** Flash
**01.00** Supernatural
**01.45** Silicon Valley
**02.15** Modern Family
**02.40** Seinfeld
**03.05** Tónlist

## STÖÐ 2 SPORT

**07.35** Valencia - Athletic Bilbao
**09.15** Real Betis - Getafe
**10.55** Watford - Leicester
**12.35** Fulham - Chelsea
**14.15** Everton - Liverpool
**15.55** Messan
**16.55** Grindavík - KR
**18.35** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**19.00 Stjarnan - Njarðvík** Bein útsending frá Domino's-deild karla.
**21.10** Domino's körfuboltakvöld
**22.50** Skallagrímur - Þór Þorl.
**00.30** Leganes - Levante

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.30** Messan
**08.30** Afturelding - Valur
**10.00** Seinni bylgjan
**11.30** Atalanta - Fiorentina
**13.10** Napoli - Juventus
**14.50** Real Madrid - Barcelona
**16.30** Real Madrid - Barcelona
**18.10** Spænsku mörkin
**18.40** Ítölsku mörkin
**19.10** Football League Show
**19.40 Sheffield Wednesday - Sheffield United** Bein útsending
**21.45** Leeds - WBA
**23.25** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**23.50** Stjarnan - Njarðvík

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# Njóttu bolludagsins





**Kjötbollur og meðlæti ~~895,-~~**

**595,-/10 stk.**

**Grænmetisbollur og meðlæti ~~795,-~~**

**495,-/10 stk.**



**Sælkerabollur ~~395,-~~**

**345-/stk.**



**Rjómabolla með súkkulaði**

**195,-**

© Inter IKEA Systems B.V. 2019




## Áttu túkall?

Á morgun færðu ekta saltkjöt og baunir
fyrir gamlan túkall – eða 495 krónur!

**Verslun opin 11-21 alla daga** - Veitingasvið opið 9:00-20:30 - **IKEA.is**

IKEA®

# Ég lifi tvöföldu lífi

**Margrét Gauja Magnúsdóttir** hætti sem bæjarfulltrúi í Hafnarfirði síðasta vor og söðlaði svo sannarlega um en nú skiptir hún lífi sínu á milli Hafnarfjarðar og Skaftafells.


Margrét segir að hún og sonur hennar hafi gaman af því að fá að taka þátt í sveitastörfunum í Freysnesi.

Þegar ég hætti sem bæjarfulltrúi hafði ég starfað sem leiðsögumaður hjá Tröllaferðum. Það hafði ég gert meðfram pólitíkinni allt frá því ég flutti aftur í Hafnarfjörðinn frá Höfn í Hornafirði. Síðasta sumar vissi ég í raun ekkert hvað myndi taka við hjá mér en upplifði þó aldrei kvíða, frekar eftirvæntingu og spennu.

Þegar ég var lítil, eða 18 og 19 ára, var ég svo heppin að fá sumarvinnu sem þjónn á Hótel Skaftafelli og kynntist þar eigendunum, þeim Önnu Maríu og Jóni. Við höfum alltaf haldið sambandi og þau buðu mér að koma aftur „heim“ og leggjast á árarnar með þeim að reka hótelið og taka þátt í breytingum. Ég hef mjög sterkar taugar til Skaftafells og líður hvergi betur en að ganga á jökli og því stökk ég á verkefnið og sé ekki eftir því,“ útskýrir Margrét aðspurð út í umskiptin.

Aðspurð út í umskiptin, en Margrét er þriggja barna móðir, svarar hún: „Ég lifi tvöföldu lífi, er viku í Hafnarfirði og viku í Skaftafelli. Helgarnar sem ég er fyrir austan er fjölskyldan mín dugleg að koma til mín.

Sonur minn er orðin heimalningur hér í Freysnesi, svona eins og kindurnar sem búa hér. Við elskum að fara á kvöldin og taka þátt í að gefa og eigum orðið „okkar“ kindur. Stefán Freyr, bóndinn í Freysnesi er með okkur í læri og ég held að honum finnist það ógeðslega fyndið hvað við vitum akkúrat ekki neitt um sveitastörfin,“ segir Margrét og hlær.


Margrét elskar að vera á jöklum gólandi yfir fólki um hlýnun jarðar eða að plotta heimsyfirráð með vinum. Hér með æskuvinkonunni Svölu Björgvins.


Margrét ásamt eiginmanni sínum Davíð Arnari og dóttur þeirra Rósu.

**Pólitískt hjarta mitt slær fyrir landsbyggðina**

Margrét er ekki alls óvön því að skipta um gír en hún flutti ásamt fjölskyldunni til Hafnar í Hornafirði fyrir nokkrum árum þar sem eiginmaður hennar réði sig til starfa. „Sá flutningur reyndist mér erfiður, eflaust þar sem hann var ekki á mínum forsendum og ég fór mjög snöggglega frá mínum verkefnum og skuldbindingum í Hafnarfirði. En ég sé samt alls ekki eftir þessum tveimur árum á Höfn, því að búa úti á landi er allt annað en að búa á höfuðborgarsvæðinu.

Það hefur auðvitað allt sína kosti og galla en þegar ég heyri fólk segja að það langi að breyta til og flytja til útlanda, þá hvet ég það til að prófa að flytja út á land fyrst því það er mögnuð reynsla líka. Að kynnast landinu sínu frá þeirri hlið og átta sig á hvað við búum á magnaðri eyju.“

Margrét mælir þó með því að velja stað þar sem einhver tengsl eru fyrir, vinir eða ættingjar og skemmtileg verkefni. „En ætli dýpsti lærdómurinn af því að búa í 500 kílómetra fjarlægð frá Hafnarfirði hafi ekki verið hversu ótrúlega lánsöm við erum með aðgengi að þjónustu og sérfræðingum á höfuðborgarsvæðinu og mættum stundum hætta að kvarta og átta okkur á að mörg smáatriði, gera ekki eitt aðalatriði.

> **SVO ER ÉG LÍKA BARA FÁRÁNLEGA VEL GIFT, DAVÍÐ ARNAR, MAÐURINN MINN, ER DÁSAMLEGUR HÚSKARL SEM ELSKAR AÐ VERA HEIMA, ELDA OG DÚLLA. ÉG ER BARA EKKI ÞANNIG OG HEF ALDREI VERIÐ.**

Ég var á þessum tíma varaþingmaður fyrir Kragann en eftir að ég flutti á Höfn fór ég ekki upp í pontu á Alþingi nema til að ræða landsbyggðina. Það var gert nokkuð mikið grín af mér en hjarta mitt í pólitík slær í dag heitar fyrir landsbyggðina og fólkið sem þar býr.“

Margrét viðurkennir að tvöfalda lífið geti tekið á og kvöldið áður en hún yfirgefur fjölskylduna skapi alltaf ákveðinn kvíða. „Auðvitað sakna ég þeirra og þau mín en þetta gengur ennþá ágætlega og þegar ég er heima er ég ofurmamman sem skutlar öllum allt og bíð heima með snúð og kakó þegar þau koma heim úr skólanum.

Svo er ég líka bara fáránlega vel gift, Davíð Arnar, maðurinn minn, er dásamlegur húskarl sem elskar að vera heima, elda og dúlla. Ég er bara ekki þannig og hef aldrei verið. Ég elska að vera uppi á jöklum, gólandi yfir fólki um hlýnun jarðar eða að plotta heimsyfirráð með vinum mínum,“ segir Margrét ákveðin.

**„Margrét Gauja, hvernig komstu þér eiginlega hingað?“**

Aðspurð út í framhaldið segist Margrét búin að læra að taka einn dag í einu og aldrei að segja aldrei. „Stundum sit ég og hugsa: Margrét Gauja, hvernig komstu þér eiginlega hingað?“

En innra með henni berjist öryggis- og spennufíkillinn. „Ég fæ sirka tvær til þrjár hugmyndir á dag og er byrjuð að ganga með bók á mér og skrifa þær niður. Kannski verður eitthvað úr einhverri af þeim einn daginn. Þangað til held ég mínu striki og stefni á að halda áfram að taka þátt í að gera Hótel Skaftafell að enn betra hóteli og vinnustað, halda áfram að gifta fólk um allt land sem athafnastjóri hjá Siðmennt og skunda upp jökla. Svo er að byrja sauðburður bráðum og ég er að brjálast úr spennu.

Eitt er þó á langtímaplaninu og það er að ganga á Hvannadalshnjúk í maí. Nú er ég búin að segja það upphátt og það í Fréttablaðinu og því engin leið fyrir mig að beila á því núna.“

bjork@frettabladid.is




3490.-




690.-




1990.-




490.-




1990.-







490.-




990.-




2990.-




2490.-




1599.-




2990.-




2490.-




2490.-




1999.-




1799.-







HABOR TOWN
La-z-boy hægindastóll. Svart eða brúnt leður. St.: 87 × 98 × 110 cm
143.992 kr. ~~179.990 kr.~~




MATI
Opinn hornsófi. Dökkgrátt áklæði.
Stærð: 284 x 213 x 80 cm
239.994 kr. ~~399.990 kr.~~



KAMMA
Þriggja sæta sófi með viðarfótum. Dökkgrátt eða ljósgrátt áklæði.
Stærð: 201 x 84 x 105 cm
104.993 kr. ~~139.990 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN
Reykjavík Bíldshöfði 20
Akureyri Dalsbraut 1
Ísafjörður Skeiði 1
www.husgagnahollin.is
558 1100






Ísleifur segir að árið 2019 sé úrslitaár, því að hátíðin þoli ekki svipað tap núna og síðustu ár.

**VIÐ BIÐJUM ALLA SEM HAFA FENGIÐ BOÐSMIÐA HINGAÐ TIL Í GEGNUM ÁRIN AÐ SÝNA ÞESSU SKILNING OG HJÁLPA OKKUR AÐ DREPA NIÐUR ÞENNAN SÉRÍSLENSKA BOÐSMIÐAKÚLTÚR, SEM ER AÐ SLIGA HÁTÍÐINA.**

# Við erum hér til að bjarga hátíðinni

**Ísleifur Þórhallsson,** hátíðarstjóri Iceland Airwaves, segir breytingar og nýjungar í farvatninu þegar kemur að hátíðinni. Boðsmiðar verða alfarið úr sögunni og sérstakur sjóður settur á laggirnar fyrir frambærilegustu íslensku böndin.

Ísleifur segir síðustu Airwaves-hátíð hafa gengið mjög vel og 500 tónleika verið haldna á fjórum dögum. „Viðbrögðin frá gestum, tónlistarmönnum og virðulegum fjölmiðlum um allan heim hafa verið gríðarlega jákvæð að hátíð lokinni. Þegar þungavigtarfjölmiðlar úti í heimi segja að Iceland Airwaves sé besti staður í heimi til að uppgötva nýja tónlist, þá er verið að gera eitthvað rétt.

Fjárhagslega kom hátíðin þó enn og aftur illa út. En við vissum að við þyrftum að halda eina hátíð til að læra almennilega á hana og litum alltaf á það sem 3-5 ára verkefni að koma rekstrinum í lag. Þetta voru dýrmætar lexíur síðast og við teljum að með þeim breytingum og nýjungum sem við höfum nú ákveðið að innleiða muni þetta loksins takast.

En það má segja þetta sé úrslitaár, því hátíðin þolir ekki svipað tap núna og síðustu ár, það verður að sjást núna að það sé að minnsta kosti hægt að nálgast núllið.

Það er erfitt að hugsa það til enda að Iceland Airwaves hverfi og hætti að vera til, en við verðum að muna að það er ekki náttúrulögmál að hátíðin sé til. Tapið af rekstri hennar síðustu þrjú ár fer að slaga í 200 milljónir og það þarf að stöðva þessa blæðingu.“

## Sprengjur á leiðinni

Ísleifur segir að til standi að fækka bæði böndum og tónleikastöðum, það hafi einfaldlega verið of mikið af hvoru tveggja síðast. „Þetta þýðir að slottum fækkar talsvert sem þýðir aftur að þau verða verðmætari fyrir þau bönd sem koma fram. Fleiri bönd munu einnig spila tvisvar, en þar erum við ekki bara að spara heldur að svara kalli gestanna.

Við munum halda áfram að leggja áherslu á grunntilgang hátíðarinnar; að vera „showcase“ fyrir íslensku tónlistarsenuna, sem er þekkt undrafyrirbæri um allan heim.

Það verður flott úrval af „up and coming“ erlendum böndum en þeim mun fækka; á móti kemur meiri áhersla á að bóka nokkur erlend bönd í stærri kantinum, ekki síst til að fá Íslendinga til að stunda hátíðina í meiri mæli.“

Undirbúningur fyrir næstu hátíð er ansi langt kominn og þegar sé búið að bóka stór bönd. „Já, það eru sprengjur á leiðinni, bæði í íslensku og erlendu deildinni, og það stefnir í einstaklega flotta hátíð í ár.“

## Airwaves Plus sjóður stofnaður

„Frumtilgangur Airwaves er að vera „showcase“ fyir íslensk bönd, hátíðin er gríðarlega mikilvæg fyrir alla tónlistarsenuna og er stökkpallurinn fyrir öll bönd sem hafa slegið í gegn erlendis. Við viljum einfaldlega styrkja enn frekar þennan hluta hátíðarinnar og taka beinan þátt í því að styrkja góðar sveitir áfram til góðra verka.

Þetta virkar þannig að eftir hverja hátíð eru þrjú bönd valin sem komu fram á Airwaves og fá þau fjármagn til að reka sig í einhvern tíma. Hugmyndin er að efnilegar sveitir sem eru að stíga sín fyrstu skref geti einbeitt sér að tónlistinni og fái aðstoð við að koma sér á framfæri. Sérstakt ráð velur eina sveit, Airwaves-teymið velur eina og svo kýs almenningur besta nýliðann.“

## Allir boðsmiðar úr sögunni

Ísleifur segir sjóðinn fjármagnaðan á tvo vegu. „Í fyrsta lagi rennur hluti af Airwaves Plus tekjum í sjóðinn. Plus er nokkurs konar klúbbur fyrir hina sjóðheitu tónlistaráhugamenn og aðdáendur Airwaves; með því að ganga í Plus styrkirðu gott málefni en færð einnig alls konar fríðindi.

Hin fjármögnunarleiðin kemur út úr því að við erum að leggja niður með einu og öllu allt sem heitir boðsmiðar, en þeir eru risastórt vandamál í rekstri hátíðarinnar. Um er að ræða aðallega bransann, listamenn og samstarfsaðila.

Þeir sem eiga inni hjá okkur fríimiða næstu árin samkvæmt samningum verða beðnir um að greiða sérstakt færslugjald per miða sem rennur óskipt í sjóðinn. Listamenn fá tækifæri til að kaupa allt að 10 miða með 50 prósenta afslætti í stað þess að fá einn frímiða.

Ef við myndum engu breyta þyrftum við að gefa hátt í 2.000 boðsmiða á hverja hátíð sem er að verðmæti sirka 30 milljónir og þetta gengur einfaldlega ekki upp. Það er ómögulegt að ná tökum á þessu öðruvísi en að einfaldlega ganga alla leið og leggja boðsmiða niður með öllu.

Við biðjum alla sem hafa fengið boðsmiða hingað til í gegnum árin að sýna þessu skilning og hjálpa okkur að drepa niður þennan séríslenska boðsmiðakúltúr, sem er að sliga hátíðina. Við erum hér að reyna að bjarga hátíðinni.

Frá þessari stundu er miðakerfið þannig gert að það er bókstaflega ekki hægt að búa til boðsmiða á Iceland Airwaves. Ég bið því alla þá sem hingað til hafa fengið boðsmiða á Iceland Airwaves að vinsamlegast ekki drepa mig,“ segir Ísleifur að lokum.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðardóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*


ENN HOLLARI OLÍA
það byrjar allt með fjórum fræjum
Lesieur
isio 4
OMEGA 3 & 6
+ D- & E-VÍTAMÍN
NAUÐSYNLEGAR FYRIR LÍKAMANN
ISIO 4 FÆRIR ÞÉR MIKILVÆG NÆRINGAREFNI
4 GRAINES
dont du LIN
Riche en
Oméga 3
VITAMINES D&E
Lesieur
isio 4
ORIGINE FRANCE*

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja






Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**
Guðmundar Brynjólfssonar



## Gullfiskaminni

Það er stundum haft á orði þegar þjóð vor hefur eina ferðina enn kosið yfir sig hatara sína og kvalara að hún hafi gullfiskaminni. Hún virðist aldrei geta munað þetta á milli kjördaga:

„Alhliða blekkingar
Einhliða refsingar“

Þetta rifjaðist upp fyrir mér þegar ég horfði á Söngvakeppni Sjónvarpsins á laugardagskvöldið. Rifjaðist upp, eru akkúrat réttu orðin því auðvitað mundi ég þetta hvorki skýrt né örugglega.

Hvað var það í söngvakeppninni sem fékk mig til þess að muna þetta? Jú, þegar ég sá að forráðamenn keppninnar gerðu ráð fyrir því að þjóðin væri ekki bara með gullfiskaminni heldur algjörlega heiladauð.

Mig minnir að lögin hafi verið rifjuð upp 42 sinnum svo menn gætu greitt atkvæði og rámað í hvernig flutningurinn var og svo menn mættu átta sig á því að Byggðarhornssvipurinn tilheyrir Heru en Friðrik Ómar er meira svona Fiskidagurinn mikli. Ekkert var gert í því að rifja upp andlitið á Gísla Marteini – enda óþarfi. Myndin af Dorian Gray er klassík og „Gleðin tekur enda“.

Reyndar tók það þessa blessuðu keppni einhverjar 30 mínútur að byrja eftir að hún var byrjuð og maður var farinn að hafa áhyggjur af því að lögin myndu eldast illa. Svo ekki sé talað um keppendur, því „Tómið heimtir alla“. En þetta bjargaðist allt. Úrslitin voru eins og í öllum alþingiskosningum á lýðveldistímanum, hatrið sigraði.

Auðvitað voru ekki allir á eitt sáttir, líkt og þegar þingkosningar eru gerðar upp. En ólíkt því sem er í uppgjöri alþingiskosninga þá geta ekki allir sagt að þeir hafi unnið í söngvakeppninni. Þar vinnur bara einn flokkur. Sem er mikil lausn fyrir minnislausa þjóð. Það er landsmönnum léttir að þurfa ekki að muna margt, þetta verður bara áfram eins: Hatrið mun sigra!








